



Fjöldi manns lagði leið sína á Klambratún í gær þar sem veitingamenn höfðu lagt matarvögnum og seldu borgarbúum skyndibita. Flestir voru úlpuklæddir þrátt fyrir ágætt veður. Miðað við veðurspána ætti þeim að vera óhætt að skilja úlpurnar eftir heima um helgina því spád er bliðviðri á Suðvesturlandi bæði í dag og á morgun og allt að 18 stiga hita. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Telur frumvarpið í andstöðu við EES

Frumvarp forsætisráðherra um takmarkanir á eignarhaldi jarða mætir andstöðu meðal hagsmunaaðila sem segja það andstætt stjórnarskrá. Fyrirverandi forseti EFTA-dómstólsins segir það fara gegn EES-samningnum í álitum sem félag í eigu Jims Radcliff aflaði.

STJÓRNMÁL Frumvarp forsætisráðherra um breytingar á ýmsum lögum um eignarráð og nýtingu jarða mætir nokkuð harðri andstöðu meðal landeigenda. Meðal markmiða frumvarpsins er að sporna gegn of mikilli samþjöppun í eignarhaldi lands og uppkaupum erlendra lögaðila á íslensku jarðnaði en undirbúningur frumvarpsins hófst um svipað leyti og breski aðmaðurinn Jim Ratcliffe jók enn við jarðeignir sínar hér í fyrra.

Í umsögn um frumvarpið er því haldið fram að tiltekin ákvæði frumvarpsins fari í bága við ákvæði

stjórnarskrárinnar um eignarrétt, atvinnufrelsi og jafnræði. Með umsögn Veidifélagsins Strengs í Vopnafirði, sem er að mestu í eigu Ratcliffes, fylgir ítarlegt lögfræðiálit Dr. Carls Baudenbacher, fyrirverandi forseta EFTA-dómstólsins, sem unnið var fyrir Streng vegna málsins. Í álitinu eru færð rök fyrir því að tiltekin ákvæði frumvarpsins fari í bága við ákvæði EES-samningsins.

Ákvæðið sem helst sætir gagnrýni varðar áskilnað um samþykki ráðherra fyrir aðilaskiptum að landi ef kaupandi eða aðilar honum tengdir eiga samanlagt 1.500 hekt-

Pað kemur mér ekki á óvart að þeir sem hafa verið að safna að sér jörðum leggist gegn takmörkunum á slíkri samþjöppun eigna.

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra



ara lands fyrir. Gagnrýnt er hve opið og vítt vald ráðherra hefur til að samþykkja eða banna aðilaskiptin. En í álitssgerð Baudenbachers fyrir Streng er sérstaklega fjallað um ákvæði þess efnis að ef kaupandi eða tengdir aðilar eigi samanlagt 10.000 hektara lands eða meira skuli ráðherra synja umsókn um aðilaskipti nema unnt sé að sýna fram á sérstaka þörf kaupanda fyrir meira landrými.

Í álitinu segir að þótt frumvarpið hafi í sjálfu sér lögmæt markmið, feli 10.000 hektara hámarkið í sér óréttlætianlega takmörkun á frjálsu

flæði fjármagns og frelsi til atvinnurekstrar. Þá sé meðalhófs ekki gætt þar sem vægari úrræði virðist tiltæk, ákvæði frumvarpsins fari í bága við meginreglur um jafnræði fyrirjáanleika laga.

„Það kemur mér ekki á óvart að þeir sem hafa verið að safna að sér jörðum leggist gegn takmörkunum á slíkri samþjöppun,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og bætir við:

Ég vænti þess að sérfræðingar sem unnu málið fyrir mig muni bregðast við þessum athugasemdum.“ – sar



Nýr Škoda Superb iV

Rafmagn & bensín




www.skoda.is

Verð frá 5.190.000 kr.

HEKLA · Laugavegur 170 · Sími 590 5000 · hekla.is/skodasalur

Veður



Hægt vaxandi norðaustlægt átt, 8-13 síðdegis og þykkar upp, en bjartviðri S- og V-lands. Norðan 13-18 undir Vatnajökli annað kvöld og smá skúrir eða slydduél austanlands. **SJÁ SÍÐU 16**

Ekkert bólar á styrkjareglum

STJÓRN MÁL Menntamálaráðherra hefur enn ekki gefið út reglugerð um tímabundna heimild til greiðslu sérstaks rekstrarstuðnings til einkarekinna fjölmiðla.

Alþingi samþykkti ýmsar aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldursins þann 11. maí síðastliðinn, þar á meðal nýtt bráðabirgðaákvæði í fjölmiðlalög um heimild til að veita fjölmiðlum rekstrarstuðning. Hefur ráðherra heimild til að verja 400 milljónum til þessa stuðnings en þegar er gert ráð fyrir þeirri fjárhæð í fjárlögum yfirstandandi árs vegna fjölmiðlafrumvarpsins umdeilda sem enn er til meðferðar í allsherjar- og menntamálanefnd.



Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.

Nýsamþykkt bráðabirgðaákvæði tók töluverðum breytingum í meðförum þingsins og ráðherra setti nánari fyrirmæli um ákvörðun styrkfjárhæða en ráðgert var í frumvarpinu, meðal annars að fjárhæð taki ekki aðeins mið af fjölda stöðugilda á ritstjórnnum heldur einnig af útgáfutíðni og fjölbreytileika. Endanlegt hlutfall styrkja skuli ráðast af fjölda umsókna. Þá var felld brott ákvæði frumvarpsins um að stuðningur verði hlutfallslega meiri til minni fjölmiðla.

Ekki náðist í Lilju Alfreðsdóttur við vinnslu fréttarinnar og því ekki ljóst hvenær vænta megi reglugerðarinnar sem hið nýja ákvæði kveður á um, en samkvæmt því þarf úthlutun rekstrarstuðnings að hafa farið fram fyrir 1. september næstkomandi. – að

Dimmiterað í Kvennó



Útskriftarnemar Kvennaskólans dimmiteruðu í gær mun seinna en venjulega. Námsárið hefur verið vægast sagt óvenjulegt vegna áhrifa heimsfaraldurs kórónuveirunnar og menntskælingar þurft að vinna heima. Vorið er stúdentum því kærkomið eftir erfiðan vetur. FRÉTTABLAÐID/VALLI

Maður látinn eftir eldsvoða

Karlmaðurinn sem fluttur var slasaður með sjúkraflugi eftir bruna í Hafnarstræti á Akureyri síðastliðað þriðjudagskvöld er látinn. Hann var 67 ára og lést seinnipart miðvikudags á gjörgæsludeild Landspítala.

Vettvangsrannsókn á upptökum brunans var framkvæmd af tæknideild lögreglu í fyrradag. Að sögn lögreglu er rafmagnstæki meðal þess sem tekið verður til frekari skoðunar.

Að öðru leyti sé rannsóknin á frumstigi og ekki unnt að veita frekari upplýsingar.

Húsið sem er þriggja hæða timburhús er talið gjörónýtt. Það er eitt elsta hús bæjarins byggt árið 1905.

Slökkvilið var aftur kallað að húsinu í gærmorgun þegar eldur blossaði upp á ný. Talið er að eldur hafi kviknað út frá glæðum. Að sögn slökkviliðs tókst að slökkva eldinn um tuttugu mínútum seinna. Til stendur að rífa húsið á næstu dögum. – epá

COVID-19 hefur haft mikil áhrif á Ramadan

Ramadan, helgasta mánuði múslima, lýkur á morgun með Eid al-fitr. Áhrif COVID-19 á helgihald hafa verið mikil og múslimar þurft að breyta ýmsum áherslum. Muhammed Emin hefur lagt aukna áherslu á góðgerðarmál í ár.

SAMFÉLAG „Ramadan snýst að miklu leyti um að koma saman, hitta vini, fjölskyldu og að tengjast fólkinu í kringum okkur. COVID-19 hefur haft mikil áhrif á fjölda fólks um allan heim á Ramadan,“ segir Muhammed Emin Kizilkaya, meistaranemi við Háskóla Íslands, aðspurður um áhrif COVID-19 á Ramadan, helgasta mánuð múslima. Á morgun er síðasti dagur Ramadan, Eid al-fitr, það er helgasta hátíð múslima. Ramadan hefur staðið yfir frá því 23. apríl.

Í Ramadanmánuði neita múslimar sér um allar girndir lífsins frá sólarupprás til sólarlags, þar með talið mat og drykk.

„Hefðbundinn dagur hjá mér á Ramadan hefst á því að ég vakna klukkan þrjú að morgni og bið. Síðan fæ ég mér smá að borða og vel mér eitthvað sem er hollt og næringaríkt, svo passa ég mig á að drekka nóg af vatni. Svo hefst fastan á bilinu hálf fjögur og fjögur,“ segir Muhammed.

„Fyrstu dagarnir eru erfiðir en eftir nokkra daga liður manni ótrúlega vel. Ég sé mun á húðinni minni og tönnunum og allt kemst í betra jafnvægi. Ég er fullur af krafti sem ég nýti í að hjóla, æfa og hlaupa. Maður fer að hugsa öðruvísi um mat og það verður auðveldara að stjórna því hvað maður borðar,“ segir hann.

Múslimar á Íslandi fara margir eftir sólargangi í Frakklandi á föstutímabilinu. „Sólstöðurnar hér gera það að verkum að við myndum fasta í 18 til 22 tíma. Við förum því eftir frönskum sólargangi og ástæðan er staða landsins. Fastan á nefnilega ekki að vera kvöð, heldur veljum við okkur sjálf að fasta. Þeir sem vilja það ekki eða geta ekki,



Muhammed Emin Kizilkaya, meistaranemi við HÍ. MYND/ADSEND

til dæmis þeir sem eru veikir, eiga í einhvers konar erfiðleikum eða ófrískar konur, sleppa því,“ útskýrir Muhammed.

„Ramadan snýst ekki bara um að borða ekki, heldur um að horfa ekki þangað sem þú átt ekki að horfa, snerta ekki það sem þú átt ekki að snerta, láta af slæmum ávönnum og láta ekki eftir öllum þínum þráum, heldur hjálpa þeim sem á þurfa að halda og setja þig í þeirra spor. Það er það sem er kallað Stóra Jihad [Stóra stríðið]. Það er hugtak er oft misskilið og hefur fengið ranga merkingu,“ segir Muhammed. „Stóra Jihad snýst um að berjast við eigin langanir, hemja neikvæðar hugsanir og vera besta útgáfan af sjálfum þér,“ bætir hann við.

„Stór hluti dagsins fer í bænir og vaninn er að fara til moskunnar og biðja á hverjum degi þegar fastan er brotin en í ár höfum við ekki geta gert það, vegna aðstæðna. Bænahaldið hefur því verið meira heima hjá fólki. Ég hef lesið meira í Kóraninum en vanalega vegna þessa en ég hef líka sett auka fókus á að sinna góðgerðarmálum í ár, það hafa margir vinir mínir líka gert,“ segir hann en góðgerðir og hjálparstarf spila stóran þátt í Ramadan.

„Tilfinningin sem þú upplifir þegar þú neitar þér um mat og drykk, það að vera svangur, sú tilfinning hjálpar okkur að setja okkur í spor þeirra sem þjást og liður illa,“ segir hann.

birnadrofn@frettabladid.is

MIKIÐ ÚRVAL
Á LAGER

Parket dagar

ALLUR VINNA

Skútvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

The logo consists of the letters 'VR' in a bold, sans-serif font. The 'V' is a solid orange color, while the 'R' is white with an orange outline. The logo is centered within a white square.

FYRIRTÆKI ÁRSINS 2020

Við erum Fyrirtæki ársins

Við skorum hæst tryggingafélaga og bætum okkur á öllum sviðum. Þess vegna erum við Fyrirtæki ársins 2020 samkvæmt könnun VR. Við þökkum starfsfólki okkar þennan frábæra árangur sem dag hvern skilar sér í framúrskarandi þjónustu til viðskiptavina.



Íslensk málnefnd styður stjórnarskrárákvæði um íslenska tungu

STJÓRNSKIPUN Íslensk málnefnd styður eindregið framkomin drög að stjórnarskrárákvæði um íslenska tungu. Drög að frumvarpi þess efnis eru nú til kynningar í samráðsgátt stjórnvalda.

„Eins og margoft hefur komið fram í ályktunum Íslenskrar málnefndar er íslenska í viðkvæmri stöðu vegna þess hve málhafar eru fáir og alþjóðasamskipti mikil auk hinnar hröðu samskiptabyltingar

á þessari öld,“ segir meðal annars í umsögn nefndarinnar.

Af þeim ástæðum sé stuðningur löggjafans og ríkisvaldsins við tungumálið þeim mun mikilvægari. Umrætt stjórnarskrárákvæði sé mikill stuðningur við allt starf Íslenskrar málnefndar og annarra sem vinna við að tryggja og bæta stöðu íslenskrar tungu.

Tillagan byggir á vinnu formanna þeirra flokka sem eiga sæti á Alþingi



Rökræðukönnun um endurskoðun stjórnarskrárinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

» Í drögunum á ákvæðinu er íslenska skilgreind sem ríkismál Íslands.

og hefur staðið frá upphafi árs 2018. Birting í samráðsgátt felur þó ekki í sér að formennirnir hafi skuldbundið sig til að standa að framlagningu frumvarps í þessari mynd. – sar

Krefst launa út kjörtímabilið

SVEITARSTJÓRNARMÁL Tryggvi Harðarson, fyrrverandi sveitarstjóri Reykhólahrepps, hefur gert kröfu um að fá greidd laun út kjörtímabil sitt eða til júní 2022. Honum var sagt upp störfum um miðjan apríl síðastliðinn eftir að hafa gegnt starfi sveitarstjóra frá september 2018. Bæjarins besta greinir frá.



Tryggvi Harðarson, fyrrverandi sveitarstjóri Reykhólahrepps.

Erindi Tryggva var tekið fyrir á fundi sveitastjórnar í fyrradag og var, að sögn Ingibjargar B. Erlingsdóttur, sem tók nýlega við starfi sveitarstjóra, ekki fallist á kröfuna.

Tryggvi fær samkvæmt samningi greiddan uppsagnarfrest í þrjá mánuði en krafa hans hljóðar upp á um 30 milljónir að meðtöldum launatengdum gjöldum.

Ingimar Ingimarsson, varaoddviti sveitarstjórnar, taldi uppsögn Tryggva ólögmeta. – kdi

Halda leitinni áfram í dag

SLYS Leitin að skipverjanum sem hefur verið saknað frá því á mánuðaginn hefur enn engan árangur borið. Leitarmenn fóru í gær tvisvar yfir svæðið frá Tangarsporði að Sandvík auk þess sem sandfjörur voru gengnar.

Samkvæmt tilkynningu frá lögreglunni á Austurlandi verður leit haldið áfram í dag. Reiknað er með því að leitin verði með svipuðu sniði og á sama leitarsvæði.

Björgunarskipið Sveinbjörn Sveinsson á Vopnafirði tók þátt í leit gærdagsins auk þess sem notast var við slöngubáta og sjópotur. – sar

Biðlistar eftir aðgerðum séu innbyggð skuld í kerfinu

Um fjögur þúsund einstaklingar eru á biðlista eftir aðgerðum hjá Landspítalanum en líklegt er að þeim muni fjölga. Bæklunarskurðlæknir hjá Klinikinni Ármúla segir Klinikina tilbúna að aðstoða við valaðgerðir ef áhugi er fyrir hendi hjá ríkinu. Biðlistar eftir aðgerðum hafa einnig lengst hjá Orkuhúsinu.

HEILBRIGÐISMÁL „Á meðan þjóðin tókst á við COVID á mjög árangursríkan hátt fór megnið af öðrum lækningum í bið meðal annars allar valaðgerðir, hvort sem það var á sjúkrahúsum eða úti í bæ,“ segir Hjálmar Þorsteinsson, bæklunarskurðlæknir hjá Klinikinni Ármúla. Hefðbundnum komum til heimilislækna fækkaði einnig í faraldrinum og því er ekki búið að senda tilvísanir fyrir fólk sem hefur verið að veikjast af öðrum sjúkdómum. „Þetta er það sem við köllum innbyggða skuld í heilbrigðiskerfinu,“ segir Hjálmar og bætir við að skuldin sem varð til í vor muni birtast á næstu mánuðum.

„Við höfum hingað til lokað skurðstofunum í fimm vikur á sumrin en núna lokum við bara í eina viku. Við höfum bætt við aðgerðadögum hjá okkur í maí, bara til að vinna niður þann lista sem var hjá okkur, en við erum tilbúin að aðstoða við aðrar valaðgerðir ef áhugi er fyrir hendi hjá ríkinu,“ segir Hjálmar.

Klínikin framkvæmir allar hefðbundnar aðgerðir sem eru á samningi sérfræðilækna við Sjúkratryggingar Íslands, það er almennar skurðlækningar, bæklunaraðgerðir, æðaskurðlækningar og vissar tegundir brjóst- og lýtaaðgerða. „Svo er okkar sérstaða þessar stærri aðgerðir þar sem sjúklingur leggst inn í kjölfar aðgerðarinnar, sem eru liðskiptaaðgerðir eða efnaskiptaaðgerðir,“ segir Hjálmar.

Um 4.000 einstaklingar eru á biðlista eftir aðgerðum hjá Landspítalanum um þessar mundir en Vigdís Hallgrímsdóttir, forstöðumaður skurðstofu- og gjörgæslu-



Lengsti biðtími er eftir liðskiptaaðgerðum en mánaða bið er eftir hné- og mjaðmaaðgerðum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Það er rosalegt símaálag út af fólki sem er í óvissu um hvenær það kemst í aðgerð.

Dagný Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Orkuhússins.



kjarna, segir líklegt að þeim muni fjölga. „Við erum að skoða hvað við getum gert. Við þurfum yfirleitt að draga aðeins úr starfseminni yfir sumartímann svo starfsfólkið okkar

geti farið í sumarfrí en við erum aðeins að auka við okkur núna til að vera með fleiri skurðstofur opnar, í byrjun og í lok sumars,“ segir Vigdís í samtali við Fréttablaðið. Hún segir langflestu komast í aðgerðir innan fjögurra mánaða. Lengsti biðtíminn er hins vegar eftir liðskiptaaðgerðum en um fimm og hálf mánaðar bið er eftir hnéaðgerð og um sex og hálf mánaðar bið eftir mjaðmaaðgerð.

Dagný Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Orkuhússins, segir að biðlistar hjá Orkuhúsinu hafi einnig lengst til muna á síðustu mánuðum. „Allar aðgerðir sem við framkvæmum töfðust um þann tíma sem var lokað. Það sem við höfum reynt að gera núna

til að höggva á biðlistann er að við erum að vinna lengur á daginn. Við höfum líka verið að bæta inn laugardegi til að leysa sérstaklega öll akút vandamál sem biðu,“ segir Dagný og bætir við að óvissan hjá sjúklingum er mikil. „Það er rosalegt símaálag út af fólki sem er í óvissu um hvenær það kemst í aðgerð. Það er kannski sárt og kvalið, búið að bíða lengi og þarf núna kannski að bíða enn lengur,“ segir Dagný. Orkuhúsið tók tvo daga innan samkomubannstímabilsins til þess að framkvæma bráðaaðgerðir. Á venjulegum degi núna eru framkvæmdar að meðaltali sex til sjö aðgerðir á hverri skurðstofu Orkuhússins en þær eru fjórar. mhj@frettabladid.is

DV SÉRBLAÐ

SUMARHÚS

Sérblað um sumarhús á Íslandi fylgir nýjasta DV

Auglýsingar: Ruth Bergsdóttir, sími: 694 4103, netfang: ruth@dv.is



VIÐ ELSKUM AÐ

GRILLA

20%
afsláttur



Grill + risa sykurpúðar = hamingja

779 kr/pk



Úrbeinuð kjúklingalæri

2.079 kr/kg

Verð áður 2.599 kr/kg



Guy Fieri, sérfræðingur í BBQ sósum

899 kr/stk



15%
afsláttur

Miðlærissneiðar

2.889 kr/kg

Verð áður 3.399 kr/kg



25%
afsláttur

Caj p's folaldavöðvi

2.699 kr/kg

Verð áður 3.599 kr/kg



15%
afsláttur

Lamba prime

3.484 kr/kg

Verð áður 4.099 kr/kg



NÝJUNG

ä Protein Pancake
Cookies & Cream

299 kr/stk



FRÁBÆRT TILBOÐ!

Hvítlauksbrauð fylgir ef
keyptar eru tvær Goodfella's pizzur

998 kr

Verð áður 1.377 kr



15%
afsláttur

Anamma hakk og bollur

322 kr/pk

Verð áður 379 kr/pk



Hagkaup.is
heim að dyrum

HAGKAUP

Flyktust á ströndina

COVID-19 Hækkandi hitastig og tilslakanir á útgöngu- og samkomubönnum urðu til þess að almenn-ingur í norðanverðri Evrópu nýtti frídaginn í gær og flyktist á baðstrendur. Yfirvöld og sérfræðingar hafa lýst yfir áhyggjum af stöðunni.

Í fyrradag lokuðu þrír bæir í norð-vesturhluta Frakklands ströndum sínum vegna þess að fólk hafði ekki virt fjarlægðarmörk. Um síðustu helgi voru hundruð stranda í Frakklandi opnaðar fyrir hlaupara, sundfólk og veiðar en ekki fyrir sólböð.

Mikill fjöldi heimsótti strandir Hollands og hvöttu sveitarfélög þjóðverja til að fara ekki yfir landamærin til að fara á ströndina. Gripið var til þeirra ráða að loka vegum í strandbænum Vlissingen. Í Lim-



Scheveningen í Hollandi MYND/GETTY

burg-Noord, sem er nálægt landamærunum að Þýskalandi, voruðu yfirvöld við því að þeir sem ekki virtu reglur yrðu sektaðir.

Yfirvöld í Southend á suðurströnd Englands íhuga nú einnig aðgerðir eftir að strandir fylltust af fólki. –sar

Meira en 80 manns létu lífið af völdum Amphan

INDLAND Rúmlega áttatíu manns létu lífið og þúsundir misstu heimili sín vegna fellibylsins Amphan sem reið yfir borgir og bæi við strendur Indlands og Bangladess í fyrradag.

Stjórnvöld keppast nú við að veita íbúum aðstoð á svæðum sem hafa mörg hver þegar orðið fyrir barðinu á kórónuveirunni á undanförunum vikum.

Flóð og rústir hafa hamlað samgöngum og torveldað björgunaraðgerðir.

Talið er að nokkrir dagar geti liðið áður en stjórnvöld átti sig fyllilega á umfangi eyðileggingarinnar og

» Amphan er talinn öflugasti fellibylurinn sem mælst hefur í Bengalflóa.

fjölda þeirra sem hafa slasast.

Amphan er sagður vera öflugasti fellibylur sem mælst hefur í Bengalflóa og skildi hann eftir sig slóð eyðileggingar. Um er að ræða fyrsta ofurfellibylinn á svæðinu frá 1999.

Fjöldi heimila eru gjörónýtt, brýr hafa losnað frá undirstöðum sínum og svæði í dreifbýli eru án rafmagns og fjarskipta. –eþá



Jóhann kynnti í apríl 2018 nýja atlögu að því að leita réttar síns vegna meints stuldar á Söknuði. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

Áfrýjar fyrir Jóhann sem gefst ekki upp

Lagastuldarmálinu um Söknuð var í vikunni vísað til áfrýjunardómstóls Los Angeles af lögmanni Jóhanns Helgasonar. Kostnaður hleðst upp og hefur Jóhann meðal annars ráðstafað höfundarlaunum sínum næstu fjögur árin.

DÓMSMÁL Michael Machat, lögmaður Jóhanns Helgasonar í lagastuldarmálinu um Söknuð, lagði fram á þriðjudag áfrýjun vegna frávísunar málsins fyrir dómstóli í Los Angeles.

„Það er óhjákvæmilegt að bregðast við og ekki valkostur að gefast upp,“ segir Jóhann. Máli hans var í byrjun apríl vísað frá dómi í Los Angeles að kröfu lögmannna Warner og Universal og fleira tónlistarfyrirtækja sem var stefnt auk höfunda lagsins You Raise Me Up.

Dómariinn taldi samanburðargreiningu tónlistarfræðings sem vann fyrir Jóhann vera gallaða. Ekki væru slík líkindi með lögnum Söknuði frá 1977 og You Raise Me Up frá 2001 að það jafngilti lagastuldi.

Lögmaður Jóhanns hefur nú nokkurn frest til að leggja fram rökstuðning sinn fyrir áfrýjuninni. Meðferð mála fyrir áfrýjunardómstólum mun dæmigert taka um eitt og hálft ár. Vinni Jóhann áfrýjunarmálið fer það aftur á borð dómarsins sem vísaði því frá í apríl. Það er því enn löng vegferð

Þetta er eitthvað sem maður getur auðvitað ekki látið afskiptalaust.

Jóhann Helgason, tónlistarmaður

fram undan hjá Jóhanni. Engin uppgjafartönn er þó hjá honum.

„Maður verður að líta á þetta þannig að það sem skiptir máli eru verðmætin í lífinu, fjölskyldan og slíkt en þetta er eitthvað sem maður getur auðvitað ekki látið afskiptalaust; það hefur aldrei verið valkostur,“ segir Jóhann sem undirstrikar að hann hafi aldrei beðið um að lenda í þessari atburðarás. „En það hefði ekki verið eðlilegt að sinna því ekki.“

Málinu fylgir mikil vinna og kostnaður sem eykst mikið úr því málinu var vísað frá. Bæði krefjast lögmennt Warner og Universal nú 48 milljón króna í málskostnað frá Jóhanni og hann þarf að leggja í áfrýjun á málinu sjálfu auk

þess að halda uppi vörnum vegna málskostnaðarkröfunnar.

„Ég er alveg búinn að taka út höfundarlaunin mín næstu fjögur árin,“ segir Jóhann. Krafan á hendur honum varðandi 48 milljón króna málskostnaðinn verður tekin fyrir í Los Angeles 5. júní. Eins og fram hefur komið lýsir lögmaður hans kröfunni sem svívirðilegri í andmælum til réttarins.

Meðal þess sem dómari tiltók fyrir í frávísun sinni er að Söknuður og You Raise Me Up saki bæði byggingu sína til írska þjóðlagsins Danny Boy. Jóhann segir að það fráleitt. Fyrirnefndu lögin tvö séu miklu líkari innbyrðis en hvort um sig írska laginu. Enskur lögmaður sem greindi mál hans árið 2008 hafi strax þá bent á að sé textinn við You Raise Me Up sunginn við lagið Söknuð eftir Jóhann hljómi það áfram eins og You Raise Me Up en sé textinn sunginn við Danny Boy sé eins og verið sé að syngja Danny Boy. „Þetta er mjög afhjúpanði og þeir sem hafa talað um Danny Boy í þessu samhengi hætta því.“ gar@frettabladid.is

Fyrirhuguð lagasetning veldur ólgu

HONG KONG Kínversk stjórnvöld áforma nú að setja ný lög um þjóðaröryggi í Hong Kong. Þetta kom fram í máli talsmanns kínverska þingsins í gær. Samkvæmt fjölmiðlum í Hong Kong er lögnum ætlað að koma í veg fyrir öll utan- aðkomandi afskipti af málefnum sjálfstjórnarhéraðsins.

Kínverska þingið kemur til starfa í dag og mun fjalla um málið. Griðarleg mótmæli spruttu upp í Hong Kong á síðasta ári vegna lagafrumvarps sem hefði heimilað framsal grunaðra glæpamanna til Kína.

Stjórnarandstæðingar í Hong Kong hafa lengi barist gegn lögum um þjóðaröryggi. Þeir telja slík áform ógna sjálfstjórn héraðsins sem hefur verið tryggð með megin-



Talsmaður kínverska þingsins á fréttamannafundi í gær. MYND/GETTY

reglunni „eitt land, tvö kerfi“ frá því að Bretar létu af stjórninni 1997.

Reuters fréttastofan hafði eftir stjórnarandstöðupingmanninum Dennis Kwok að verði löggjöfin

samþykkt muni það þýða endalok Hong Kong. Donald Trump Bandaríkjaforseti sagði að Bandaríkin myndu bregðast harkalega við láti Kínverjar verða af áformunum. –sar

Umhverfisvænn bambus-klósettpappír



ÞÉTTUR Í SÉR



ÓBLEIKTUR



OFUR MJÚKUR



SJÁLFBÆR



ÚR BAMBUS

FÆST
NÚ Á
ÍSLANDI!



Hempur

96
%

Inniheldur 96% vatn

Hrein og hér um bil bein

Gúrkan er sívinsæl í salatið og
svalandi millimál, enda 96% vatn.
Hún er ræktuð árið um kring með
hreinu, íslensku vatni og því
alltaf fáanleg fersk.



islenskt.is



UMHVERFIÐ OKKAR

Mannfjölgun þrengir að vistkerfinu

Sameinuðu þjóðirnar segja jarðarbúa nú vera 7.795 milljónir og áætla að fólksfjöldinn fari í 10.875 milljónir um aldamót. Sifellt er gengið hraðar á auðlindir náttúrunnar. Þessi mikla mannfjölgun setur baráttu fyrir umhverfismálum og náttúruvernd í forgrunn.

Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is



Samkvæmt Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna munu 386.000 börn fæðast í dag. Þau bætast við þær 7.795 milljónir sem nú lifa. Okkur fjólgar hratt og því finnur umhverfið fyrir.

Áhrif mannfjölgunar á umhverfismál og náttúruvernd eru óumdeild, en eru sjaldnast rædd. Þótt hnattræn hlýnun sé eitt stærsta verkefni samtíðarinnar skal ekki dregið úr mikilvægi þess að hugað sé að umhverfisáhrifum fjölgunar jarðarbúa.

Mannfjölgunin ræðst af barnsfæðingum og dauðsföllum. Á hverju ári fæðast 140 milljón manns og um 58 milljónir kveðja jarðvistina. Það þýðir fjölgun um 82 milljónir á ári. Þótt mörg börn lifi verður fyrsta vika tveggja milljóna nýbura líka þeirra síðasta.

Undanfarna tvo áratugi hefur heimurinn séð áður óþekktu framför í að börn lifi frumberskuna af. Bætt heilsa fjólgar íbúum og dregur úr dánartíðni. Á móti kemur að í mörgum ríkjum eignast konur færri börn. Að endingu eru líkur á að það dragi verulega úr örri fólksfjölgun á heimsvísu.

Mannfjöldasprenging

Mestan hluta sögu mannkyns fjölgaði íbúum svo hægt að jafnaði við kyrrstöðu. Frá Kristsburði til ársins 1700 fór mannfjöldi úr um 200 milljónum í um 600 milljónir. Árið 1800 náði mannkyn varla einum milljarði. En með iðnbýlingunni varð sprenging í íbúafjölda. Fyrst í Bretlandi og Bandaríkjunum, þá í öðrum ríkjum Evrópu og að lokum í Asíu. Í árslok 1920 urðu jarðarbúar tveir milljarðar að tölu. Þeir náðu þremur milljörðum í kringum 1960 og fjórum milljörðum árið 1975. Síðan þá hefur fjöldi jarðarbúa nærri tvöfaldast.

Sameinuðu þjóðirnar áætla að árið 2100 verði jarðarbúar um 10.875 milljónir. Þá hafi hin mikla fólksfjölgun náð hámarki sínu.

Auðvitað verður fjölgun afar mismunandi eftir heimssvæðum og ríkjum. Meðan fjólgar á sumum svæðum gríðarhratt mun íbúafjöldi annarra svæða dragast saman. Þannig er áætlað að íbúar Afríku, sem í dag eru um 1,3 milljarðar, verði um 4,3 milljarðar í lok aldar. Það eru um 39 prósent jarðarbúa.

Þessar tölur byggja á meðaltalspám. Eðlilega kunna ýmsir þættir að hamla þessari miklu fjölgun. Fólksflutningar í þéttbýli, hungur og átök um auðlindir, heimsfaraldrar og loftslagsbreytingar gætu haft veruleg áhrif.

Lýðfræðingar hafa áætlað aðra sviðsmynd. Í flestum þeirra eru meginskilaboðin þau að fólksfjölgun morgundagsins velti á því sem við gerum í dag. Þannig er til að mynda talið að aukin menntun ungra Afrikubúa, ekki síst stúlkna, sé einhver mikilvægasti áhrifaþáttur á fjölgun mannkyns. Til að draga úr vexti skipti mjög miklu máli að stúlkur hljóti menntun og verði virkir samfélagsþátttakendur, í stað barneigna frá unga aldri og að þær lendi í fátæktargildru sakir menntunarskorts. Með þeim hætti gætu þær öðlast sjálfstæði og haft framfærslu á efri árum af eigin rammleik, í stað þess að reíða sig eingöngu á afkomendur.

Gengið er hraðar á auðlindir

Allt fólk þarf að fæða og klæða. Matvæla- og landbúnaðarstofnun



Fólk kælir sig í innisundlaug í borginni Suining í Sichuan-héraði í Suðvestur-Kína. Árið 1990 voru íbúar Suining 140 þúsund en eru nú 700.000. MYND/GETTY

Sameinuðu þjóðanna (FAO) hefur varað við því að heimurinn muni eiga í vandræðum með fæðuöflun á komandi áratugum, nema ráðist verði í „meiriháttar umbreytingar“ á framleiðslu matar og dreifingu.

Stofnunin áttar að ef metta eigi 10 milljarða árið 2050 þurfi landbúnaðarframleiðsla að aukast um 50 prósent. Á sama tíma og þeim fækkar sem stunda landbúnað. Árið 2050 munu 70 prósent íbúa heimsins búa í þéttbýli. Aukin hagsæld ríkja á borð við Kína og Indland eykur eftirspurn eftir kjöti, eggjum og mjólkurafurðum og þrýstir á ræktun korns og sojabaua til eldis nautgripa, svína og hænсна. Til að mæta þessu þarf sífellda nýrækt. Því er ákaft sótt að auðlindum heimsins. Í stað þess að krefjast meira af landbúnaði, ryðja land og rækta, verður að finna jafnvægi við matarframleiðslu komandi kynslóða. Einungis þannig er hægt að bregðast við fordæmalausum áskorunum um fæðuöryggi og umhverfisvernd.

Yfirdráttardagur jarðar


Að mati ýmissa alþjóðasamtaka á sviði umhverfisverndar og verndunar vistkerfisins er ágengni mannkynsins á auðlindir komin fram úr því sem náttúran ber.

Þessi ágengni ræðst af fjórum meginþáttum: Framleiðslugetu vistkerfis náttúrunnar; skilvirkni framleiðslunnar; neyslu; og síðast en ekki síst, mannfjölda.

Aukin tækni og öflugri aðföng hafa aukið framleiðni, en það svarar ekki kröfum um auknar auðlindir og fjölgun jarðarbúa.

Á hverju ári að haldinn svokallaður „Yfirdráttardagur jarðar“ (e. Earth Overshoot day). Það er sá dagur þegar mannkynið, sam-

Fólksfjölgun frá Kristsburði



» Mannfjölgunin gengur sifellt hraðar á vistkerfi jarðar. Henni fylgir meiri neysla, minna pláss, meiri mengun og stöðugt er gengið á búsetusvæði villtra dýra.

kvæmt útreikningum samtakanna Global Footprint Network, hefur fullnýtt þær auðlindir sem jörðin getur endurnýjað á einu ári. Eftir þann dag er mannkynið komið í skuld við náttúruna og plánetuna.

Dagsetningin fæst með því að bera saman árlega neyslu og kol-efnisspor mannkyns og getu jarðar til endurnýjunar auðlinda, það árið. Að auki er tekið með í reikninginn hversu skaðleg áhrif mannkynið hefur á náttúruna hverju sinni.

Samtökin hafa reiknað út þennan

dag árlega frá árinu 1970 og færast hann á hverju ári nær byrjun ársins. Við fyrstu mælingar var dagurinn þann 29. desember, árið 1990 var hann 11. október, og árið 2010 var það 8 ágúst. Á síðasta ári var dagurinn 29. júlí, sem þýðir að við nýtum auðlindir jarðarinnar 1,75 sinnum hraðar en hún endurnýjar þær.

Auðvitað má deila um slíka útreikninga, en þetta gefur engu að síður nokkra mynd af því hvert stefnir. Aukin mannfjölgun gengur sifellt hraðar á vistkerfi jarðar. Aukinni fjölgun fylgir neysla, minna pláss, meiri mengun og stöðugt er gengið á búsetusvæði villidýra.

Liffræðilegri fjölbreytni ógnað

Liffræðileg fjölbreytni er forsenda tilvistar mannkyns. Við nýtum ákveðnar tegundir sem byggja á flókinni náttúrukeðju. Fjölbreytt vistkerfi, á borð við regnskóga, eru undirstaða alls lífs á jörðu.

En æ fleiri dýra- og plöntutegundir hafa verið ofnýttar, eða útrýmt. Hnignun vistkerfa verður einnig rakin til mengunar, notkunar

eiturefna og loftslagsbreytinga. Ein stærsta ógn við fjölbreytni vistkerfa er skerðing náttúrulegra búsvæða, þegar meira jarðnaði er nýtt af mannavöldum. Minna rými verður fyrir tegundir sem við deilum lífríki jarðar með. Afleiðingin er hnignun vistkerfa og minni liffræðileg fjölbreytni. Eftir því sem vistkerfi eru einfaldari verða þau viðkvæmari fyrir ytri ógn, eins og flóðum eða pestum.

Alþjóðanáttúruverndarsjóðurinn (WWF) hefur áætlað að 60 prósent villtra hryggdýra hafi tapast frá árinu 1970. Meira en helmingur allra fugla, spendýra, skriðdýra, froskdýra og fiska hvarf á aðeins 50 árum. Hjá hryggleysingjunum gengur ekki betur.

Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin (IUCN), alþjóðastofnun sem helgar sig vernd náttúruauðlinda, hafa frá árinu 1964 haldið úti svokölluðum „rauðum lista“ yfir þær lífverur sem vá er talin stöðja að. Þetta er í dag virtasta upplýsingaveita heims um alþjóðlega náttúruverndarstöðu dýra, sveppa og plöntutegunda. Samtökin segja að nú séu meira en 31.000 tegundir í útrýmingarhættu. Það eru 27 prósent allra þeirra tegunda sem metnar hafa verið.

Að auki sé maðurinn að breyta liffræðilegum fjölbreytileika á annan veg. Í dag er talið að um 4-12 prósent fugla séu kjúklingar og aðrir alifuglar, en miðað við lífmassa eru þeir 70 prósent allra fugla.

Mikil mannfjölgun er því ástæða þess að umhverfismál og náttúruvernd skyldu sett í forgrunn. Þótt hnattræn hlýnun sé eitt mikilvægasta verkefni okkar tíma, má ekki draga úr því að hugað sé að umhverfisáhrifum mannfjölgunar.

ÓBREYTT VERÐ Á NÝJUM BÍLUM!



SSANGYONG

Rexton - 4x4 jeppi ársins


7 manna Hátt og lágt drif Fimm ára ábyrgð	Byggður á grind 3 tonna dráttargeta Sjálfstæð fjöðrun	Óbreytt verð: 7.990.000 kr. sjálfskiptur
---	---	--

Aukabúnaður á mynd: 33" hækkun. Verð: 590.000 kr. - mikil veggæð 29 cm.

Bílabúð Benna hækkar ekki verð!

Þrátt fyrir óhagstæða gengisþróun undanfarið er Bílabúð Benna staðráðið í að standa verðlagsvaktina og hefur því ekki hækkað verð á nýjum bílum. Þetta er okkar framlag til verðstöðugleika og þannig hyggst fyrirtækið létta undir með því fólki sem er í bílahugleiðingum.

Takmarkað magn í boði!



Birt með fyrirvara um mynd- og textabreytingu.



Tivoli 4x4

Fjór hjóladrif m/læsingu,
fimm ára ábyrgð
3.990.000 kr. sjálfsk.



Ampera-e 60 kWh

100% rafmagn og nóg pláss
Óbreytt verð:
4.790.000 kr. sjálfsk.



Grandland X

Þýsk gæði og mikill búnaður
Óbreytt verð:
4.490.000 kr. sjálfsk.



Korando 4x4

2ja tonna dráttargeta,
fjór hjóladrif með læsingu
Óbreytt verð:
4.490.000 kr. beinsk.

SKOÐUN

Afararkostir

Hörður
Ágísson

hordur@frettabladid.is

Ísland á í alþjóðlegri samkeppni um vinnuafli og fjármagn. Launakostnaður hefur hækkað margfalt meira hér en í öðrum löndum og það hefur valdið því að mörg fyrirtæki, eins og Icelandair, hafa orðið undir í harðri samkeppni. Núna þegar flugfélagið horfir fram á nánast algjöran tekjubrest og er á barmi gjaldþrots er meira af því sama ekki í boði. Ferðabjónustan, og þá um leið flugsamgöngur, verður ekki sú hin sama næstu árin. Fjöldi fyrirtækja á eftir að fara í gjaldþrot og störfum á eftir að fækka gríðarlega. Við sjáum nú þegar unnið er að endurreisn Icelandair, sem felst meðal annars í breyttum kjarasamningum, að það ætla að reynast mörgum erfitt að aðlaga sig að þessum nýja veruleika. Skilningsleysið er á köflum átakanlegt.

Fullkomin óvissa er um framtíð Icelandair. Áform um að sækja sér allt að 30 milljarða með því að efna til almenns útboðs eru í uppnámi eftir að samninganefnd Flugfreyjufélags Íslands hafnaði lokatilboði Icelandair. Formaður Flugfreyjufélagsins gagnrýnir Icelandair fyrir að hafa sett þeim afararkosti og segir það almennt ekki tíðkast í kjaraviðræðum á Íslandi. Þau ummæli vekja furðu. Ekki er að undra að enginn árangur hafi náðst ef forystufólk flugliða nálgast viðræðurnar líkt og um sé að ræða gerð kjarasamnings í venjulegu árferði. Icelandair gæti gefið eftir í sínum kröfum, sem felast í því að ná yfir 20 prósentu hagræðingu í launakostnaði, gagnvart Flugfreyjufélaginu. Það væri hins vegar til einskis. Samningar sem bæta ekki umtalsvert bágborna samkeppnisstöðu Icelandair þýða að fjárfestum verður ekki stætt á að leggja félaginu til aukið fjármagn og rekstur þess mun því stöðvast. Í þeim skilningi er það rétt að flugliðar standa frammi fyrir afararkostum. Að fá engin laun eða skert laun.

Við þessar aðstæður eru allir nauðbeygðir til að taka á sig einhvern skell. Hluthafar hafa nú þegar tapað nánast öllu sínu og flugstéttunum, sem munu áfram njóta betri kjara en almennt þekkist hjá öðrum flugfélögum, er engin vorkunn að samþykkja aukið vinnuframlag. Önnur flugfélög hafa fyrir margt löngu náð fram sambærilegum breytingum á kjarasamningum við sín stéttarfélög og Icelandir fer nú fram á. Sömu flugfélög, meðal annars Lufthansa, reyna nú að auka enn samkeppnishæfnina með betri nýtingu á flugáhöfnum en þau félög sem gera ekkert munu eiga erfitt um vik að ná viðspyrnu þegar kreppunni lýkur. Með hliðsjón af slíkum aðgerðum annarra félaga er því ljóst að hugsanlegir fjárfestar að Icelandair munu spyrja sig hvort samkeppnisstaðan verði í raun óbreytt, jafnvel þótt kjarasamningar náist, og félagið enn einu skrefi á eftir sínum helstu keppinautum.

Samninganefnd Flugfreyjufélagsins hefur verið stutt áfram af forystu verkálýðshreyfingarinnar sem nýtir hvert tækifæri fyrir skemmdarverkastarfsemi. Formaður ASÍ og VR, sem hafa hótad að beita sér gegn því að lífeyrissjóðirnir fjárfesti í Icelandair ef félagið semur við flugliða utan Flugfreyjufélagsins, segja ekki sjóðunum fyrir verkum. Ummælin eru skýrt merki um skuggastjórnun og hljóta að verða til þess að Fjármálaeftirlitið taki málið til skoðunar. Lífeyrissjóðirnir, sem hafa umboðsskyldur gagnvart sjóðsfélögum, fjárfesta ekki í Icelandair nema á viðskiptalegum forsendum og með arðsemismarkmið að leiðarljósi. Einn liður í því er að styrkja rekstrarhorfur til frambúðar með hagræðingu í launakostnaði. Klukkan tifar.



Hluthafar hafa tapað nánast öllu sínu og flugstéttunum, sem munu áfram njóta betri kjara en almennt þekkist, er engin vorkunn að samþykkja aukið vinnuframlag.

Halldór



Frá degi til dags

Fyrirlitleg spilling

Frá ársbyrjun 2018 hafa formenn flokkanna hist reglulega til að ræða um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Fyrir um ári voru til lögur að ákvæðum um umhverfisvernd og náttúruauðlindir kynntar til sögunnar. Nýlega bættist svo við tillaga um ákvæði um íslenska tungu. Stjórnlagaráðsmaðurinn Þorvaldur Gylfason er ekki hrifinn. Hann segir tilburðina við endurskoðun stjórnarskrárinnar afhjúpa fyrir-litlega spillingu Alþingis enn eina ferðina. Enginn ágreiningur sé um þetta efnisatriði og tillagan óþörf enda bæti hún engu efnislega við frumvarp Stjórnlagaráðs. Hafi einhver bundið vonir við að endurskoðunarferlið nú myndi útkljá þetta eilífðarmál íslenskra stjórn mála þyrfti sá hinn sami að fara að komast niður á jörðina.

Ber er hver að baki

Forsætisráðherra hefur verið áhugasöm um verkefnið og staðið fyrir samráði við almenning. Það hlýtur að taka á taugarnar að stýra fundum þar sem reynt er að setta sjónarmið Sigmundar Davíðs og Pirata um þjóðaratkvæðagreiðslur og kjördæmskipan. Ráðherranum barst þó á dögunum gláðningur þegar Íslensk málnefnd lýsti í umsögn yfir eindregnum stuðningi við ákvæði um íslenska tungu. Reyndar vill svo til að formaður nefndarinnar er bróðir forsætisráðherra. Það verður því áfram gaman í fjölskylduböðunum.

Haltu í réttindin

Þórunn Sveinbjarnardóttir
formaður BHM

Atvinnumissir er mikið áfall. Mikilvægt er að fólk sem lendir í slíkum hremmingum geti treyst á stuðning samfélagsins. Í kjölfar kórónuveirufaraldursins hefur atvinnuleysi rakið upp, einkum meðal fólks sem starfar í ferðabjónustu. Þá hafa þúsundir lent í því að starfshlutfall þeirra hefur verið minnkað. Á þessum erfiðu tímum kemur það í hlut hins opinbera að tryggja þeim framfærslu sem misst hafa vinnuna eða þurfa að setta sig við skert starfshlutfall. Hér gegna Vinnuálastofnun og Atvinnuleysisstryggingasjóður lykilhlutverki.

Stéttarfélög eru hluti af því samfélagslega öryggisneti sem gripur fólk þegar það missir vinnuna. Félagin veita félagsmönnum sínum margvíslega aðstoð og ráðgjöf er varðar kjara- og réttindamál. Ef félagsmaður telur t.d. að ekki hafi verið rétt staðið að uppsögn getur hann eða hún leitað aðstoðar stéttarfélags síns sem fylgir þá málum eftir gagnvart atvinnurekanda. Sama á við ef félagsmaður telur sig eiga inni vangöldin laun. Að auki starfrækja stéttarfélög ýmsa sjóði í þágu félagsmanna sem launagreiðendur fjármagna með sérstökum framlögum samkvæmt kjarasamningum. Félagsmenn geta sótt um styrki úr þessum sjóðum vegna veikinda, til að sækja námskeið eða til að stunda líkamsrækt, svo dæmi séu nefnd.

Innan BHM eru 27 stéttarfélög sem standa vörð um lögbundin og kjarasamningsbundin réttindi félagsmanna sinna og aðstoða þá í samskiptum við atvinnurekendur. Til að eiga þess kost að fá aðstoð stéttarfélags og geta sótt um styrki úr sjóðum þess þarf að greiða félagsgjald mánaðarlega.

Ég vil hvetja alla félagsmenn aðildarféлага BHM sem eru án atvinnu að huga sérstaklega að þessu. Mikilvægt er að fólk haldi áfram að greiða bæði stéttarfélagsgjald og iðgjald í lífeyrissjóð. Hægt er að láta draga þessi gjöld af atvinnuleysisbótum. Það er nógu slæmt að missa vinnuna svo ekki bætist við missir mikilvægra réttinda.



Stéttarfélög eru hluti af því samfélagslega öryggisneti sem gripur fólk þegar það missir vinnuna.

VELDU GÆÐI!

Tilboð í maí
Allar tertur
á 2900 kr.

Daim terta
Kaka ársins
Hindberja og súkkulaðiterta
Jarðarberjaterta.

VELJUM
ÍSLENSKT

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

BJÖRNSEBAKARI
Sími: 561 1433

www.bjornsbakari.is

Loftilla, dáðlausa lognmollu hrekjum

Í DAG



Þórlundur Kjartansson

Í kvikmyndinni Dalalíf rakst önnur söguhetjan, Þór Magnússon, á góð-glaðan athafnamann inni á skemmtistað. Athafnamaðurinn Jónas Reynir—kallaður JR—sat við snæðing og drakk kampavín. Hann drakk aldrei annað en kampavín, af því hann var nefnilega bindindismaður.

Eins og algengt er með mislukkaða athafnamenn sem eru á mörku-um þess að vera svikahrappar þá uppveðraðist Þór mjög yfir því að sitja í návígi við betur heppnaðan athafnamann. Þar sem JR skóflaði í sig ríkmannlegum matnum upplýsti hann að hann væri í felum undan því að þurfa að sitja undir ræðuhöldum í Seðlabankanum. JR var ekki mikið gefinn fyrir ræður, en þeim mun meira fyrir aðgerðir og framkvæmdir. „I love it,“ sagði hann af innlifun þegar hann fann fjósalyktina af sessunaut sínum og sagðist mundu gefa aleiguna til þess að komast út í sveit og fá að moka skít.

Mislukkaði athafnamaðurinn sá strax tækifæri og skáldaði upp á staðnum hugmyndina um „Dalalíf,“ prógramm sem átti að gefa venjulegum borgarbörnum tækifæri til þess að hamast í gagnlegri sveitavinnu og tengjast þannig bæði náttúru og frumatvinnuvegum þjóðarinnar. Allt gegn hóflegu gjaldi, vissulega.

„Peningar eiga aldrei að skipta neinu máli,“ sagði JR með augun geislandi af áhuga.

„Alveg rétt hjá þér,“ samsinnti Þór. „Peningar skipta sko ekki neinu máli.“

„Af hverju segirðu að peningar skipti ekki neinu máli? Auðvitað skipta peningar miklu máli,“ kvað JR þá beint í kross við sjálfan sig.

„Það er alveg rétt hjá þér líka,“ samsinnti Þór aftur.

Í kófinu

Kófið er stórkostlega lýsandi heiti á því ástandi sem samfélagið þarf að koma sér úr. Við höfum verið í einhvers konar kófi – andlegu svitakófi, móki. Tíminn hefur liðið undarlega. Bæði hratt og hægt. Það sem gerðist fyrir tveimur mánuðum virðist hafa gerst fyrir áratug í öðrum heimi. Og samt þegar litið er til baka þá er eins og þetta hafi tekið af á örskotsstund.

Efnahagslífið er í einhvers konar móki og það sama gildir um sálarlíf margra. Samfélagið fór í einhvers konar biðstöðu. Efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa aðallega miðast við að hlífa fólki og fyrirtækjum undan stormi sem enginn veit hvort eða hvenær muni slota. Fólkið hefur margt horfið inn í sjálft sig, horft meira á Netflix og hangið í samfélagsmiðlum þar sem bæði bölsýni og kvíði hafa fengið að grassera eins og aldrei fyrr. Hvort tveggja er óeðlilegt ástand sem verður að linna. Samfélög og manneskjur eru ekki gerðar til þess að biða endalaust eftir því að lausnirnar birtist, þokunni létti eða veðrinu sloti. Engum líður vel í kófi.

Líklega hefur hinum sætkennda JR liðið einhvern veginn þannig á barnum; hann var í einhvers konar móki, sem hann var að reyna að losna út úr. Honum fannst eins og himinninn væri að lokast yfir honum þrátt fyrir alla velgengnina. Ræðurnar í Seðlabankanum sem hann var að fela sig frá hafa

líklega lagst yfir alla hans tilveru eins og búið væri að leggja sementspoka á bringuna og hann næði varla andanum. Það sem hann þráði var að komast í ferskt loft—með fjósalykt, og fá að moka skít og reka niður staura.

Og það eru heldur ekki mörg dæmi um hamingjusamari menn á hvíta tjaldinu en Sigga Sigurjóns í hlutverki JR að reka girðingarstaura með berum höndum lengst ofan í jörðina á bliðviðrisdegi í

islenskri sveit, algjörlega laus við lognmolluna.

Úr kófinu

Kófinu verður að linna. Þótt að sumu leyti sé alveg hárrétt hjá JR að peningar skipti engu máli í því samhengi þá verður ekki fram hjá því litið að hann hefur algjörlega rétt fyrir sér þegar hann segir að peningar skipti einmitt mjög miklu máli. Það er undir okkur sjálfum komið, hverjum og einum

og í hópum, að gæta að því að kófið valdi ekki of miklum andlegum skaða. Ráðin við því kosta yfirleitt ekki mikla peninga, þótt þau krefjist fyrirhafnar.

En hagkerfið keyrir á peningum. Það er orðið tímabært að þeir peningar sem settir eru út í hagkerfið þjóni þeim tilgangi að koma samfélaginu aftur almennilega í gang—ekki í að biða af sér ástandið. Það væri til dæmis áhugavert að eyða frekar 30 milljörðum í

að senda háar ferðaávisanir til einstaklinga heldur en að eyða sömu upphæð í uppsagnarfresti hjá verkefnalitlum ferðaþjónustu-fyrirtækjum.

Peningar geta haft mikil áhrif—til góðs eða ills. Úr því ríkið ætla- að taka að sér að eyða ævintýrale- gum fjármunum í að styðja atvinnu- lífið, þá ætti að nota þá í anda þess sem segir í ljóði Hannesar Hafstein um storminn og láta þá lífsanda starfandi hvarvetna vekja.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins

Ársfundur Frjálsa verður haldinn þriðjudaginn 23. júní nk. kl. 17.15 í Silfurbergi í Hörpu.

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins verða birtar á vef sjóðsins, **frjalsi.is**, tveimur vikum fyrir ársfund.

Á fundinum verður kosið um tvo aðalmenn og einn varamann í stjórn til þriggja ára. Framboð til stjórnar þarf að liggja fyrir eigi síðar en 14 dögum fyrir ársfund. Senda skal tilkynningu um framboð auk nauðsynlegra gagna á netfangið **arsfundur@frjalsi.is**.

Nánari upplýsingar um fundinn, reglur um framkvæmd ársfundar og þau gögn sem frambjóðendur þurfa að skila inn til að staðfesta framboð sitt má finna á **frjalsi.is/arsfundur**.

Hægt er að skrá sig á fundinn á **frjalsi.is/arsfundur**.

Eftir þínu höfði

Frjálsi leggur áherslu á að þú hafir val og sveigjanleika í tengslum við lífeyrissparnaðinn þinn. Hjá Frjálsa býðst þér að velja á milli fjölbreyttra fjárfestingarleiða fyrir skyldu- og viðbótarsparnað sem mæta ólíkum þörfum m.t.t. aldurs og viðhorfs til áhættu.

- Hjá Frjálsa er **sjóðfélagalýðræði**. Sjóðfélagarnir kjósa í stjórn og stjórnin er alfarið skipuð sjóðfélögum.
- Frjálsi býður upp á **hagstæð sjóðfélagalán**.
- Á **Mínum síðum** á **frjalsi.is** er hægt að nálgast stöðu- og hreyfingaryfirlit, skipta um fjárfestingarleið, afpanta pappírskyfirlit, sækja um útgreiðslu og fleira.



Investment & Pensions Europe (IPE) er evrópskt fastímarit um lífeyrismál. Nánar má kynna sér árlega samkeppni IPE á IPE.com/awards.



Meginniðurstöður ársreiknings (í milljónum króna)

Efnahagsreikningur 31.12.2019

Eignir	
Eignarhlutar í félögum og sjóðum	114.466
Skuldabréf	160.847
Bundnar bankainnstæður	1.049
<i>Fjárfestingar alls</i>	<i>276.362</i>
Kröfur	1.366
Handbært fé	7.285
Eignir samtals	285.013
Skuldir	-539
Hrein eign til greiðslu lífeyris	284.474

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2019

Iðgjöld	20.970
Lífeyrir	-4.531
Hreinar fjárfestingartekjur	31.523
Rekstrarkostnaður	-489
Hækkun á hreinni eign á árinu	47.474
Hrein eign frá fyrra ári	237.001
Hrein eign til greiðslu lífeyris	284.474

Lífeyrisskuldbindingar skv. niðurstöðu tryggingafræðings 31.12.2019

Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	5.546
<i>Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum</i>	<i>7,1%</i>
Eignir umfram heildarskuldbindingar	2.951
<i>Í hlutfalli af heildarskuldbindingum</i>	<i>1,6%</i>

Kennitölur

Eignir í íslenskum krónum	74,1%
Eignir í erlendri mynt	25,9%
Fjöldi virkra sjóðfélaga ¹	18.791
Fjöldi sjóðfélaga í árslok	60.075
Fjöldi lífeyrisþega ²	3.956

¹ Meðalfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á árinu.

² Meðalfjöldi lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyri á árinu.

Nafnávöxtun	2019	Sl. 5 ár
Frjálsi 1	15,4%	7,6%
Frjálsi 2	10,4%	7,4%
Frjálsi 3	6,2%	6,2%
Frjálsi Áhætta	16,7%	8,7%
Tryggingadeild (markaðsvirði)	11,9%	7,8%
Tryggingadeild (bókfært virði)	11,7%	6,9%

Ferðatillögur liða ganga illa upp

Air Iceland Connect mun fljúga færri ferðir og breyta tímasetningum í sumar. Það gæti lagt þungar byrðar á lið á landsbyggðinni og auka við kostnaðinn. Þjálfari Leiknis Fáskrúðsfjarðar segir að liðið gæti lent í að komast ekki til og frá borginni á einum degi.

FÓTBOLTI Stjórn KSÍ ræddi á síðasta stjórnarfundum sambandsins um flugáætlun Flugfélags Íslands í sumar en samkvæmt þeim upplýsingum sem sambandið hefur frá flugfélaginu mun ferðum fækka og tímasetningar breytast. „Ef afverður hafa þessar breytingar neikvæð áhrif á ferðatilhögun liða og auka kostnað þeirra. KSÍ hefur nálgast ÍSÍ með þetta mál og mun ÍSÍ ræða það við flugfélagið á fundi nú í maí,“ segir í fundargerð KSÍ.

Eitt af landsbyggðarliðunum sem þarf oft að fljúga á leiki er Leiknir Fáskrúðsfirði en liðið spilar í sumar í 1. deild eftir að hafa unnið 2. deildina mjög óvænt í fyrra. Liðinu var spáð falli fyrir tímabilið af þjálfurum liðanna á fótbolta.net.

Brynjar Skúlason, þjálfari Leiknismanna, segir að þetta geti haft mikil áhrif á sitt lið. „Við þurfum að færa leiki og annað út af þessu. Það er auðvitað enn þá langt í þetta og ekki alveg komið á hreint en við vorum búnir að bóka flug fyrir alla útileikina og núna erum við að fá póst um að tímasetningar séu að breytast þannig við erum stundum að lenda klukkutíma fyrir leik og þurfum að bruna beint á völinn. Spila leikinn og fljúga heim í búningunum ef við ætlum að ná þessu.“

Brynjar segir að þetta komi hart niður á félögunum úti á landi sem hafi sett mikinn pening í starf Flugfélag Íslands sem heitir nú Air Iceland Connect. „Ef þeir færa tímann fram um einn klukkutíma getur það þýtt að við komumst ekki heim eftir leik. Getum ekki flogið fram og til baka samdægurs. Þá þarf að gista í Reykjavík eða keyra heim á bílaleigubílum með tilheyrandi kostnaði.“

Hann segir þó að hann hafi fullan skilning á aðstæðum flugfélagsins. „Þetta gerir allavega ferðaplönin okkar samt erfiðari og dýrari fyrir vikið. Og síðast þegar ég vissi voru ekki að aukast peningarnir í íþróttunum.“ Air Iceland Connect vildi



Leiknismenn frá Fáskrúðsfirði komu öllum að óvörum og flugu upp í fyrstu deild í fyrra. Það er þó ekki víst að þeir fljúgi mikið í sumar um háloftin.



Brynjar Skúlason, þjálfari Leiknismanna. MYNDIR/ASTURGLUGGINN

ekki svara síma heldur fá tölvupóst.

Vandamál að koma leikmönnum til landsins

Bæjarráð í Fjarðabyggð samþykkti að leggja nýtt gervigras í Fjarðarbyggðarhöllina fyrir um 40 milljónir króna en grasið var komið til ára sinna. Brynjar fékk að fara inn og prófa og list vel á. „Það er frábært. Menn eru vanir öðru en það lofði góðu. Við fengum að fara og sprikla aðeins og þetta verður tilbúið fyrir fyrsta leik.“

Jesús Suarez ætlar að snúa aftur í búningi Leiknis í sumar en hann

spilaði með félaginu í þrjú ár og var lykilmáður. Nú þarf bara að koma honum til Fáskrúðsfjarðar frá Valenciu. „Þetta ástand er búið að vera leiðinlegt, eiginlega hundleiðinlegt. En það þarf að fara eftir þeim reglum sem eru settar og ég vona að allir aðrir séu að fara eftir þeim líka. Það er eitt vandamálið í þessu er að koma mannskapnum til landsins. Ég verð með samkeppnishæft lið og ef allt gengur eftir verð ég með fint lið í höndunum. Það er verið að vinna í þessu og toga í spotta til að þetta verði í lagi í sumar.“

benediktboas@frettabladid.is

Gildi – lífeyrissjóður

Ársfundur 2020

Grand Hótel Reykjavík, þriðjudaginn 16. júní kl. 17:00

Dagskrá:

- Venjuleg ársfundarstörf

Vakin er athygli á að allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti.

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs



Lífeyrissjóður

www.gildi.is

Segir núverandi rekstrarform íþróttafélaga ekki ganga upp

ÍÞRÓTTIR Jón Karl Ólafsson, formaður Fjölnis, segir í ársskýrslu félagsins, að komið sé að ákveðinni ögurstund í rekstri íþróttafélaga. Félagið tapaði um 22 milljónum króna en þetta er þriðja árið í röð sem félagið er rekið með halla. Það hefur tapað alls 53 milljónum síðustu þrjú ár.

„Við Fjölnismenn höfum rætt opinskátt um það, að núverandi rekstrarform íþróttafélaga gengur ekki upp til lengdar. Afkoma Fjölnis sýnir kannski stöðuna í hnotskurn og við vitum, að það eru mörg íþróttafélög komin í þrönga stöðu. Sem fyrr er það afreksstarf sem hefur hleypt kostnaði félaga upp. Staðan er einna verst í hóp-íþróttum, en þó má segja að afreksstarf almennt vegi þungt í rekstri íþróttafélaga,“ segir Jón Karl. Hann segir að erfitt sé að fá opinskáa umræðu á milli forráðamanna íþróttafélaga um leiðir til að mæta þeim breytingum á forsendum sem eru að verða á rekstri félaganna. „Ég held að það séu fáir sem trúa því, að rekstrarform íþróttafélaga verði óbreytt eftir um 10 ár. Það verða að koma til breytingar og nýjar hug-



Fjölnismenn spila í efstu deild í sumar. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

myndir til að félögin nái vopnum sínum til framtíðar.“ Hann hvetur forráðamenn íþróttafélaga til að koma að samtali framtíðarstefnu í rekstri félaganna.

„Hvaða leið sem valin er, þá er það staðreynd, að rekstrarkostnaður hefur hækkað og er orðinn þannig, að félögin standa einfaldlega ekki undir honum. Það verður því annað hvort að finna leiðir til lækkunar kostnaðar, eða til að gera rekstur félaga hagkvæmari. Þetta eru mjög krefjandi verkefni og því fyrr sem samtalið fer af stað því betra.“ – bb



VELDU ÞITT TILEFNI

Vantar þig hita í súpuna, tilbrigði við brauðréttinn,
bragð á beygluna eða nýtt álegg á pizzuna?

Rjómaostarnir frá MS eru hver öðrum betri.

TÍMAMÓT

Það voru allir íbúarnir með okkur í liði

Einstakur samtakamáttur fjögurra kynslóða í Kópavogi var undirstaða þess að Sunnuhlíð, fyrsta sérhannaða hjúkrunarheimili landsins, reis fyrir 40 árum. Sagan um Sunnuhlíð er komin út á bók eftir Ásgeir Jóhannesson, fyrrverandi formann Sunnuhlíðarsamtakanna.

Ég skrifa þetta þeim til heiðurs og minningar sem komu við sögu svo að hjúkrunarheimilið yrði að veruleika. Þar lögðu margir sitt pund á vogarskálar,“ segir Ásgeir Jóhannesson um bók sína: Sunnuhlíð – Ævintýri fólks og félaga í Kópavogi 1979–1999. Hún er nýkomin úr prentun og hefur að geyma lýsingu á því andrúmslofti sem skapaðist í Kópavogi er allir bæjarbúar tóku höndum saman, söfnuðu fé og komu upp myndarlegu hjúkrunarheimili á tveimur árum.

Fyrsta skóflustungan var tekin í janúar 1980 af elsta íbúa bæjarins, Ragnhildi Guðbrandsdóttur 101 árs gamalli og heimilið var vígt á uppstigningardag árið 1982 með mikilli viðhöfn, að viðstöddum 3.000 manns, aðallega bæjarbúum sem þá voru um 13.000. Þetta var þeirra hús. En hvernig hófst ævintýrið? Ásgeir svarar fúslega forvitni fréttamanns.

„Það var nýstofnaður Soroptismistaklúbbur Kópavogs sem vakti fyrst máls á því að hér í bæ vantaði sárlega aðstöðu til að hjúkra öldruðum. Hann boðaði tíu félög í bænum á fund og hvatti þau til að skora á bæjarstjórn og ríki að byggja hér hjúkrunarheimili. Sú hugmynd var svo kynnt í hverju félagi. Ég var formaður Rauða kross deildarinnar og þar komumst við að þeirri niðurstöðu að ekki væri í okkar verkahring að skora á aðra, heldur gera þá hluti sem þörf væri á. Á næsta fundi viðraði ég þá hugmynd hvort félögin sjálf, með allan sinn kraft, ættu ekki að ráðast í að byggja hjúkrunarheimili. Það varð úr að níu félög slógu sér saman. Vandinn var sá að enginn vildi leiða starfið og mér var stillt upp við vegg. Ég var forstjóri Innkaupastofnunar ríkisins, hafði setið í bæjarstjórn og verið í bankaráði svo ég þekkti kerfið. Eftir nokkra umhugsun tók ég þetta að mér. Allt á sínar orsakir. Ég er Húsvíkingur og var byrjaður í MA á sínum tíma en veiktist af lómunarveiki sem lék mig grátt. Nú hugsaði ég: Hér eru hugmyndir að þörfu verkefni. Er ég of góður til að leggja samfélaginu lið úr því ég komst á fætur og get staðið upp-réttur?“

Tókst vel að ná til fólks

Ásgeir segir strax hafa verið stefnt að því að byggja hjúkrunarheimilið



„Þetta er saga svo margra,“ segir Ásgeir um nýju bókina sem hann skrifaði um Sunnuhlíð. FRÉTTABLAÐID/VALGARÐUR

Úr ávarpi Ásgeirs á vígsluhátíð Sunnuhlíðar

...það skeði hér fyrir nokkrum kvöldum síðan að ákveðið var að ganga í síðasta sinn í hús til að leita eftir fjárframlögum á heimilum í Kópavogi. Þetta ákveðna kvöld vill svo til að úti eru 7 vindstig að norðan og 5 stiga frost, fáir sem héldust utan dyra vegna kulda. Samt komu nær 100 manns á öllum aldri saman hér í þessu húsi, tóku skjöl og kvittanir og leituðu á vit samborgara sinna um stuðning við þetta heimili. Eftir eina og hálfa klukkustund var fólkið komið til baka með 150 þúsund, eða 15 gamlar milljónir, frá því fólki sem heima hafði verið. Þetta er aðeins lítið dæmi um dugnað, samhug og fórnfýsi fólksins í Kópavogi við að koma þessari byggingu í höfn.


á tveimur árum. „Og við gerðum það, þó engir peningar væru til í byrjun og engin lóð í hendi, okkur tókst svo vel að ná til fólks, bæði innan bæjar og utan. Gísli Sigurbjörnsson, forstjóri elliheimilisins Grundar, byrjaði á að gefa okkur 3.000 peningabauka sem við dreifðum í hús í bænum og hér voru fjórar kynslóðir sem lögðu sitt af mörkum til byggingarinnar.

Elsta kynslóðin lagði peninga í baukana, stjórnssýslukynslóðin hélt utan um framkvæmdina, tán-ingarnir gengu um bæinn og skiptu um bauka og yngsta kynslóðin hélt tombólur, hún er nú um fimmtugt. Það eru góðar myndir í bókinni af um hundrað tombólubörnum því ljósmyndarinn Jón Aðalbjörn baust til að taka myndir af þeim. Hugmyndaauðgin var ótrúleg hjá



Hugmyndaauðgin var ótrúleg hjá fólki þegar kom að því að safna fé, enda þurftum við á öllu að halda. Það verður til stórt átak þegar tekst að sameina svona mörg félög og stofnanir sem annars eru í samkeppni innbyrðis.

fólki þegar kom að því að safna fé, enda þurftum við á öllu að halda. Það verður til stórt átak þegar tekst að sameina svona mörg félög og stofnanir sem annars eru í samkeppni innbyrðis. Við höldum friði og dampi með því að stofna Sunnuhlíðarsamtökin. En verðbólgan fór í 130% á þessum tíma og það varð að æða áfram með framkvæmdina svo fjármunirnir brynnu ekki upp.“



Sögufélag Kópavogs gefur bókina út.

Ásgeir tekur fram að allir verk-takar hafi fengið greitt fyrir sína vinnu á venjulegum töxtum. Það var söfnunin sem var unnin í sjálfbodavinnu og öll yfirstjórn. Fólk gaf lön og don til heimilisins. Konurnar í kvenfélaginu saumuðu gardínur, Auður Sveinsdóttir gaf okkur teikningu að lóðinni, okkur voru gefnar þökur og blóm og Rauðakrosskonur unnu sem sjálfbodaliðar við að skemmta fólki á heimilinu,“ bara svo dæmi séu tekin. Þeir lýsa því í bókinni, Hilmar Þorbjörnsson arkitekt og Gunnar Steinn Pálsson, almannatengill sem lagði fram ómælt starf, að sá andi og gleði sem hafi fylgt þessu verkefni hafi blásið þeim kraft í brjóst til framtíðar.

Byggðu líka íbúðir

Sunnuhlíðarsamtökin gerðu betur en reisa fyrsta sérhæfða hjúkrunarheimili landsins, þau byggðu líka 109 vistlegar íbúðir fyrir aldraða. Ásgeir býr í einni slíkri en eigin-kona hans, Sæunn Sveinsdóttir frá Ólafsvík dvelur nú á hjúkrunardeild Sunnuhlíðar. Hann kveðst hafa verið komin yfir áttætt þegar hann byrjaði á bókinni. Ég vildi ekki að sagan tapaðist, þess vegna skrifaði ég hana niður og fór með handritið á héraðsskjalasafn bæjarins, þar komst Sögufélag Kópavogs í hana og fannst efnið það þýðingarmikið að það ákvað að gefa bókina út. Anton Helgi Jónsson er ritstjóri hennar. Ég tel að þessi saga eigi erindi við fólk í dag því hún sýnir hverju kynslóðir á ólíkum aldri fá áorkað þegar þær leggja saman.“

gun@frettabladid.is



Ástkær eiginkona mín,
móðir okkar, amma og tengdamóðir

Þórunn Símonardóttir

Barðavogi 26,
(Gallery Hjá Tótu)

lést á líknardeild LSH
í Kópavogi þann 14. maí.

Útför hennar fer fram frá Árbæjarkirkju 26. maí kl. 11.00. Blóm og kransar eru afpakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á að styrkja einn af eftirtöldum aðilum, krabbameinsdeild 11G/11C, HERA 1, líknardeild Kópavogi og Ljósið. Eins berum við sérstakar þakkir til þessara sömu aðila fyrir ómetanlega hlýju og umönnun.

Harald Peter Hermanns

Simon Adolf Haraldsson

Svanhildur Luise Haraldsdóttir

Ragna Steinunn Haraldsdóttir

og barnabörn.

Birna Markúsdóttir

Leonard B. Francis

Kristinn Bjarnason



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Magnús Valsteinn Tryggvason

Viðilundi 20,
Akureyri,

lést föstudaginn 15. maí síðastliðinn á Kristnesi. Útför hans fer fram laugardaginn 23. maí kl. 14 að Möðruvallaklausturskirkju.

Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu fer útförin fram aðeins með nánustu aðstandendum. Útförinni verður útvarpað á FM 106,9 á kirkjusvæðinu.

Magnús Magnússon

Valrún Helga Magnúsdóttir

og barnabörn.

Ingvaldur Ólafsdóttir

Jóhann Pétursson

og barnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



Lífsstíll

FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING á Hringbraut
og hringbraut.is



Fylgstu með!



Terra hefur um árabíl framleitt moltu og lagt mikinn metnað í þá framleiðslu og býður upp á úrvals einangraða jarðgerðartunnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Heimajarðgerð slær í gegn

Heimajarðgerð nýtur mikilla vinsælda um þessar mundir og sífellt fleiri Íslendingar eru að stíga sín fyrstu skref á þessu sviði. Þetta er tilvalin leið til þess að tileinka sér umhverfisvænni lífsstíl og minnka kolefnisfótsporið. ➔2



Líf segir mikilvægt að blanda úrganginum vel saman í tunnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Framhald af forsiðu ➔

Molta þykir frábær jarðvegsbætir en hún gerir jarðveginn frjósamari og heilbrigðari og með jarðgerðinni er hægt að nýta lífrænan úrgang til uppgræðslu fyrir gróðursetningu og sem áburð.

„Lifrænn úrgangur veldur langvarandi myndun gróðurhúsalofttegunda ef hann er urðaður og því er jarðgerð frábær leið til þess að bæta umhverfið. Þetta er því gott skref inn í grænt hringrásarhagkerfi, að nýta betur það sem við höfum í stað þess að kaupa innfluttan áburð,“ segir Líf Lárusdóttir, markaðsstjóri Terra.

Hvernig hefja skal moltugerð í jarðgerðartunnu

Líf segir mikilvægt að setja 10-15 sentimetra lag af finklipptum trjágreinum í botn tunnunnar þegar hefja á moltugerð í jarðgerðartunnu. Það er gert til þess að búa til loftrými, sem flýtir fyrir rotnun. Næst skal bæta lagi af finum garðúrgangi, laufblöðum og grasi ofan á trjágreinarnar. Því næst er tilbúin molta eða næringarrík mold sett í tunnuna.

„Í fyrstu má einungis setja garða- og grænmetisafganga í tunnuna. Svo þarf að biða þangað til niðurbrot er hafið. Þetta tekur vanalega nokkrar vikur, þá má bæta við kjöt- og fiskafgöngum,“ útskýrir Líf.

„Í jarðgerðartunnunni fer fram lifrán öndun eða loftháð niðurbrot. Hitastig í tunnunni getur farið allt upp í 60-70°. Ef jarðgerðartunnan er einangruð þá næst meiri hraði í þetta ferli. Við þetta hitastig eyðileggjast flestöll fræ til dæmis arfafræ. Flestar gerðir óæskilegra baktería svo sem E.coli, Enterococcus og Salmonella drepast einnig.“

Eitt kíló af lifrænum úrgangi verður að um það bil 0,6 kílóum af moldu. Líf segir að ferlið sé nánast lyktarlaust en ef úrgangurinn er farinn að lykta er hann sennilega of blautur.

„Þá er gott að bæta við þurrum

garðúrgangi. Heimilisúrgangi þarf að blanda vel saman við moltuna. Hrærið. Ekki skilja heimilisúrganginn bara eftir efst á toppi hrúgunnar. Blandið vel. Þetta heldur rotnun gangandi, jafnvel í frostköldu veðri.“

Hvað má fara í jarðgerðartunnuna?

- Mikilvægt er að ekkert fari í jarðgerðartunnuna sem ekki má fara þangað. Líf segir að eftirfarandi úrgangur megi fara í tunnuna:
- Ávextir og grænmeti
 - Kjöt- og fiskafgangar
 - Mjólkurvörur
 - Egg, eggjabakkar og eggjaskurn
 - Brauð
 - Kaffi, te
 - Kaffisiur og tepokar
 - Hveiti, pasta og hrisgrjón

- Hún nefnir líka annan lífrænan úrgang svo sem:
- Pappírspurrkur
 - Visnuð blóm
 - Aðrar plöntur
 - Sag

- Auk þessi má allur garðúrgangur fara í tunnuna eins og:
- Gras
 - Mosi
 - Niðurklipptar runnagreinar
 - Trjákurli

„Niðurrifin dagblöð eða pappi má líka gjarnan fara í tunnuna því þessi úrgangur er kolefnisríkur og er stundum kallaður stöðefni. Til að fá rétta blöndu af stöðefnum á móti næringarefnum í tunnuna, þarf að gæta að góðri dreifingu framangreindra efna og úrgangs. Einnig er hægt að kaupa sérstök stöðefni sem tryggja rétta meðferð,“ segir Líf.

„Mikilvægt er að hafa fjölbreyttan lífrænan úrgang í tunnunni, það tryggir bestu moltuna. Eins er mikilvægt að blanda og hræra vel.“

Eftirfarandi er úrgangur sem Líf nefnir sérstaklega að þurfi að forðast að setja í moltutunnuna.

- Stór bein
- Timbur

Í fyrstu má einungis setja garða- og grænmetisúrgang í tunnuna. Svo þarf að biða þangað til niðurbrot er hafið, þá má bæta við kjöt- og fiskafgöngum.



Þegar moltan er tilbúin er að gott að dreifa um tíu sentimetra óblönduðu lagi af henni í blómabeð, í matjurtagarða eða við tré og runna.

- Ryksugupoka
 - Gler og plast
 - Ösku og kol
 - Hunda- og kattasand
 - Ólifrænan úrgang
 - Einhæfan úrgang
- Lokaferli við moltugerð**
- Moltugerð getur tekið vikur og mánuði. Það veltur allt á því hvað sett er í tunnuna, hvort lofti um úrganginn, fjölbreytileika úrgangsins og að hrært sé reglulega í tunnunni.
- „Þegar moltan er tilbúin er gott að dreifa um tíu sentimetra óblönduðu lagi af henni í blómabeð, í matjurtagarða eða við tré og runna. Á vorin er gott að dreifa

moltunni nokkrum vikum fyrir sáningu eða plöntun,“ segir Líf.

„Ef ætlunin er að planta blómum eða trjám er mjög gott að blanda saman moldu og mold í hlutföllunum einn hluti af moldu og tveir hlutar af mold. Lifrænn úrgangur verður að moldu, allt í garðinum þínum!“

Úrvals jarðgerðartunna frá Terra sem er einangruð

Terra hefur um árabíl framleitt moldu og lagt mikinn metnað í þá framleiðslu. Terra starfar meðal annars með Landgræðslunni og er með verkefni í gangi að nota moldu við uppgræðslu á örfoka svæðum.

„Við hjá Terra hvetjum alla til

þess að setja lífrænan úrgang á réttan stað og jafnvel að hefja sína eigin heimajarðgerð. Við bjóðum upp á úrvals jarðgerðartunnu sem er einangruð. Einangrunin bæði flýtir fyrir niðurbrotsferlinu og gerir tunnunni kleift að standa úti við íslenskar aðstæður allt árið um kring,“ segir Líf.

„Jarðgerð og garðvinna er ekki einungis sjálfbær lífsstíll heldur er friðsemdin og útiveran góð fyrir þig. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að gerlar og efni í mold og moldu geti haft jákvæða virkni á andlega heilsu. Það kætir því, bætir og hressir að vaða með berar hendur ofan í moldina og garðverkin.“

FAXAFEN 14

OPIÐ 11-19 ALLA DAGA

OG ALLTAF OPIÐ Á VEGANBUDIN.IS



VEGAN
BÚÐIN

Bílar & Farartæki



Suzuki Grand Vitara - Gull moli.
/2011 ek. 144 þ. Km. 2 eigendur -
Ný skoðaður. Nýtt í bremsum - ný
dekk. Mjög vel umgenginn. Verð
aðeins 890.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar til sölu



VW Polo 1,4, beinsk, árg 2007, ek
172 þ. Gott útlit, gott viðhald Verð:
330 þús Uppl. Haukur s: 8206802

Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA
BÍLINN ?**

Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu
sms og ég hringi til baka**

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun -
Bónleysing Flutningsþrif - Þrif
eftir iðnaðarmenn thvegillinn.
is - Stofnað 1969 Traustir og vanir
menn.

Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og
einstaklinga, klippingar og umhirðu
á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Bókhald

Rétta ehf.
Suðurlandsbraut 32
108 Reykjavík, Ísland

GSM. 00354 854 8080
Sími. 00354 516 8080

www.retta.is
olafur@retta.is

RÉTTA- BÓKHALDSPJÓNUSTA.
Getum bætt við okkur verkefnum.
Alhliða bókhaldspjónusta.
Sanngjörn verð og góð þjónusta.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra
stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj.
Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Húsviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald
húsa, s.s. málun, múrur, flísa- &
parketlagir og trésmíði. S. 616
1569

Rúnar múrari tekur að sér
tröppuviðgerðir sem og allt
almennt viðhald fasteigna s:780-
2838

Múrarar

Rúnar múrari tekur að sér
tröppuviðgerðir sem og allt
almennt viðhald fasteigna s:780-
2838

Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti.
Straumblik ehf. Löggiltur
Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**Keypt
& Selt**

Til sölu



Humar, Ferskur Lax, Risarækjur
og fleira góðgæti úr hafinu.
Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR
Í SJÁVARFANGI. WWW.
HUMARSALAN.IS S. 867 6677

Heilsa

Nudd



TANTRA NUDD

Ekta vigsla í leyndardóma Tantra
með Tantra nuddi. Einstæð upplifun
fyrir þér, konur og karla. S. 698 8301
www.tantrateemple.is

Barnaheill
Save the Children's Island

Við erum að...
Ófberðisumir talvakerkir
hafa áhrif á börn.

FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma.
Geymslur fyrir dánarbúið, allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Atvinna

Atvinna óskast

Dugleg og vandvirk ræstingakona á
heimsmælikvarða óskar eftir starfi
strax. Uppl í s: 789-5454

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum
Athugun Skipulagsstofnunar

**Urðunarstaður í Stekkjarvík, aukin urðun,
landmótun og rekstur brennsluofns**

Norðurá bs. hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar
frummatsskýrslu um urðunarstaðinn í Stekkjavík, aukna urðun,
landmótun og rekstur brennsluofns, Blönduósbæ.

Kynning á frummatsskýrslu:Tillaga að ofangreindri framkvæmd og
skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar
frá **22. maí.— 7. júlí** á eftirtöldum stöðum: Á bæjarskrifstofu
Blönduósbæjar, Þjóðarbókhöðunni og Skipulagsstofnun.
Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar
www.skipulag.is.

Athugasemdafrestur: Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt
fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi
síðar en **7. júlí 2020** til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105
Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum
Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir:

- **Uppbygging verslunar- og þjónustuvæðis í landi
Leynis 2 og 3, Rangárþingi ytra**
- **Skógræktaráform í landi Fremri-Hvestu,
Vesturbyggð**

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr.
106 /2000. Ákvarðanir liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni
7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má
kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 23. júní 2020.

retigo[®]
VISION

**Yfir 500 Retigo ofnar
seldir í íslensk
atvinnueldhús**

Allt hjá okkur

**5 ára
ábyrgð**

ORANGE Vision **BLUE Vision**

**Ný kynslóð
Retigo ofna: Vision Generation II**
Kynntu þér betur ofnana í
Sýningarsal okkar að Draghálsi 4

VISION

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geiriahf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Sýningarsalur Draghálsi 4 - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

Beltone **Amaze™**

Samskiptin við okkar nánustu eru dýrmætust



Hágæða heyrnartækin frá Beltone **Amaze™** gera þér kleift að heyra betur svo lífsgæðin batna til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja skilar einstökum hljómgæðum og tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Þú upplifir nærveru við þína nánustu á nýjan hátt þegar þú leggur við hlustir með Beltone **Amaze™**. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • sími 568 7777 • heya.is

HEYRNARSTÖÐIN



VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur

Reykjavík

☁

13°C | 3°C

Egilsstaðir

☁

12°C | 5°C

Ísafjörður

☀

9°C | 4°C

Kirkjubæjarkl.

☁

11°C | 5°C

Akureyri

☁

12°C | 1°C

Hveravellir

☁

6°C | 10°C

Hægt vaxandi norð-austlæg átt, 8-13 síðdegis og þykkar upp, en bjartviðri S- og V-lands. Norðan 13-18 undir Vatnajökli annað kvöld og smá skúrir eða slydduél A-lands. Hiti 4 til 16 stig um daginn, hlýjast á Suðurlandi.

Laugardagur

Reykjavík

☀

14°C | 5°C

Egilsstaðir

☁

3°C | 9°C

Ísafjörður

☁

7°C | 4°C

Kirkjubæjarkl.

☁

13°C | 9°C

Akureyri

☁

5°C | 5°C

Hveravellir

☁

5°C | 9°C

Sunnudagur

Reykjavík

☀

12°C | 6°C

Egilsstaðir

☁

3°C | 1°C

Ísafjörður

☁

2°C | 5°C

Kirkjubæjarkl.

☁

9°C | 5°C

Akureyri

☁

3°C | 1°C

Hveravellir

☁

6°C | 8°C

LÉTT

2	4				9			
9	6	7						5
		3			7		2	
	7			8	2	5		
1			4			7		
3		4	7			8		
		1		6	3	2		7
		8		2		4	5	
						3	9	1

MIDLUNGS

	9	2		1			6	5
7		4		5			1	
		6	8					2
			9	4				1
	6				5			4
				3	8		2	
8			3				5	
	2				7			
	4	9						

ÞUNG

4	5	1			9		8	
			8			7	9	
3		7	4	9			1	
		2						9
			3		7			
		4		6	8			
			2	3		8		
	7		9		5			1

Krossgáta

LÁRÉTT

1. borg
5. stafur
6. íþróttafélag
8. slá
10. tveir eins
11. frost-skemmd
12. lindi
13. bjástur
15. sköddun
17. samning

LÓÐRÉTT

1. draumsóley
2. iðni
3. kjafi
4. bak við
7. andsetinn
9. öfugt
12. lútur
14. tólg
16. tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8					
10			9		
			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. mekka, 5. ell, 6. fh, 8. ljósta, 10. aa, 11. haldinn, 9. skakki, 12. basí, 14. mör, 16. uu.
LÓÐRÉTT: 1. melasól, 2. elja, 3. kíó, 4. áftan, 7. kal, 12. band, 13. ómak, 15. löskun, 17. ritun.

Skák

Gunnar Björnsson

Daniil Dubov (2770) átti leik gegn Alexander Grischuk á Lindores Abbey atskákmótnu á Chess24.

54...Hxc3+! 55. Kxc3 f2 0-1.

Undankeppninni lauk í gær. Í dag hefst útsláttarkeppni. Magnús Carlsen komst naumlega áfram. Matthias Björgvin Kjartansson og Kristján Dagur Jónsson urðu Íslandsmeistarar í skólaskák í gær.

www.skak.is: Allt um Landsmótið.

Svartur á leik

Pondus

Eftir Frade Överli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

FRÉTTABLAÐIÐ

er helgarblaðið

Fann sjálfa sig á ný.

Áslaug Magnúsdóttir

hefur getið sér gott orð í tískuheiminum og jafnvel endað á listum yfir valdamesta fólk hans í Bandaríkjunum. Eftir erfitt ár 2015 þurfti hún að finna sjálfa sig á ný og gerði það meðal annars með því að rækta íslenskar rætur sínar og setti nýverið á laggirnar sjálfbæru fata-línuna Kötlú.

Allir fá að vera þeir sjálfir.

24. maí er dagur barnsins hér á landi. **Salvör Nordal** umboðsmaður barna, segir að á barnapingi hafi komið fram að heimanám og umhverfismál brenni á íslenskum börnum ásamt mörgum öðrum málum.

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi

20% afsláttur
af öllum leikföngum
22.-25. maí



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

MENNING

Hvað?
Hvenær?
Hvar?
Föstudagur

hvar@frettabladid.is

21. MAÍ 2020



Verk eftir Áskel.

Hvað? Ljósmyndasýning
Hvenær? 15-18
Hvar? Galleri Vest, Hagamel
Áskell Þórisson blaðamaður sýnir myndir úr íslenskri náttúru. Sýningin verður einnig opin laugar-daginn 23. maí frá kl. 13 til 17.



Íþróttamynd ársins eftir Kristín Magnússon má sjá á sýningunni.

Hvað? Sýningarspjall um bestu myndir ársins.
Hvenær? 12.10
Hvar? Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu.
Á sýningu Blaðaljósmyndarafélags Íslands ræða þrír ljósmyndarar um verðlaunamyndir sínar: Kjartan Þorbjörnsson (Golli), Aldís Pálsdóttir og Kristinn Magnússon.

Hvað: Tónleikar
Hvenær: 20.00
Hvar: Múlinn Jazzklúbbur, Flói, jarðhæð Hörpu.
Kvartett Ólafs Jónssonar ásamt Jóel Pálssyni á Múlanum. Dag-skrá tónleikanna verður blanda af lögum eftir saxófónleikarana Ólaf og Jóel ásamt fleiri verkum. Með þeim koma fram pianóleikarinn Agnar Már Magnússon, bassaleikarinn Þorgrímur Jónsson og Scott McLeomore sem leikur á trommur.

Ærandi þögn á tónleikum

Jónas Sen skrifar um mögnuð augnablik í klassískri tónlist þar sem þagnir eru í aðalhlutverki. Hann segir þagnir vera alveg sérstaklega lifandi á tónleikum.

Maður nokkur keypti einu sinni slökunar-disk. Á kápunni stóð: Hugleiðsla í Pýramídanum mikla. Honum leist vel á, kveikti á geislaspilaranum og setti sig í stellingar fyrir hugleiðslu. En honum til skelfingar var ekkert á geisladiskinum, bara þögnin ein. Hann stóð upp alveg brjálaður og henti frá sér heyrnartólunum, fannst hann illa svikinn að heyra ekki róandi tal við þægilega sveimtónlist í bakgrunninn.

Mörgum er illa við þögn. Eitt sinn spilaði ég á tónleikum á ráðstefnu í Háskóla Íslands. Eða þannig. Ég gekk inn í fullan sal, settist við flygil, lagði hendurnar á hljómborðið eins og ég væri að fara að spila, en gerði ekki neitt. Þannig beið ég í nokkrar mínútur. Áheyrendurnir vissu ekki á hvaðan á sig stóð veðrið. Sumir flissuðu. Á endanum stóð ég upp, hneigði mig við vandræðalegt og dræmt lófatak, og gekk út.

4 mínútur og 33 sekúndur

Ráðstefnan í Háskólanum fjallaði um tímann. Þetta var árið 2000 og þarna voru áhugaverðir fyrirlestrar, m.a. talaði sagnfræðingur um lifið í Reykjavík síðustu hundrað ár. Eðlisfræðingur spáði fyrir um framtíð alheimsins, sem er býsna dapurleg, en þó ekki fyrr en eftir MJÖG langan tíma. Uppákoman mín var frægt verk eftir John Cage (1912-1992) sem heitir Fjórar mínútur og þrjátíu og þrjár sekúndur. Þar er engin nóta spiluð, tónsmiðin samanstendur af þögninni einni, sem er römmuð inn af leikrænum tilburðum.

Tíminn er í aðalhlutverki í verkinu, og því þótti það tilvalið til flutnings á ráðstefnu um tímamót. Það hljómar kannski eins og einhvers konar viðundrasýning, en er bara ein af mörgum tilraunum í gegnum tíðina til að gefa þögninni listrænt gildi.

Þagnir gefa merkingu

Franska tónskáldið Debussy var á þeirri skoðun að þagnirnar sem eru allt í kring um tónana gæfu þeim merkingu. Miles Davis, djasstrompetleikarinn óviðjafnanlegi, hélt því fram að list hans snerist ekki um tónana sem hann spilaði. Hún væri um þá sem hann spilaði ekki.

Allt kemur úr þögninni. Hún á þó ekki alltaf við, eins og viðtalsþáttur í sjónvarpinu fyrir nokkrum árum var gott dæmi um. Gísli Marteinn Baldursson ræddi þar við Jónas heitinn Jónasson útvarpsmann. Talið barst að sibyljunni og hávaðamenguninni í kringum okkur,



Debussy taldi að þagnirnar sem eru allt í kringum tónana gæfu þeim merkingu.

●● ÞAR ER ENGIN NÓTA SPILUÐ, TÓNSMÍÐIN SAMANSTENDUR AF ÞÖGNINNI EINNI, SEM ER RÖMMUÐ INN AF LEIKRÆNUM TILBURÐUM.

og Jónas benti á að í sjónvarpinu væri þetta sérstaklega slæmt, þar væri bókstaflega aldrei þögn. Svo stakk hann upp á því að þeir Gísli Marteinn myndu bara þegja í smá stund. Og þá gerðust undur og stórmerki: Þeir horfðu á hvor annan og þöguðu. Á föstudagskvöldi! Gísli Marteinn varð fljótt vandræðalegur

og þá var augnablikið búið. En þetta var áhrifamiklið.

Samstillti sig í þögninni

Í gamla daga, þegar tónlist var sungin í kirkjum, voru þagnirnar á milli hendinga og melódía mótaðar af byggingunum, nánar tiltekið af bergmálinu. Munkar eða nunnur sungu einhverja línu, en svo biðu þau eftir að endirinn dæi út áður en sú næsta væri sungin, svo tónarnir rynnðu ekki saman í graut. Í þessum pásum var hugleitt; kórinn samstillti sig andlega í þögninni.

Í klassískri tónlist eru mörg mögnuð augnablik, þar sem þagnir eru í aðalhlutverki. Kannski var Beethoven fremstur meðal jafningja

í að skapa áhrifamiklar þagnir. Hann átti það til að byggja upp gríðarlega spennu, og síðan þegar hann kom að hápunktinum, setti hann óvænta þögn, áður en næsta hending byrjaði. Sú þögn er venjulega ærandi.

Svona þagnir eru sérstaklega lifandi á tónleikum. Þær eru auðvitað líka á upptökum, en þar eru þær bara ekki sami hluturinn. Á tónleikum skapast andrúmsloft, og langar þagnir segja þá meira en mörg orð. Ég hlakka til þegar tónlistarlífið lifnar við aftur, með öllum sínum þögnum, hvort sem það er fimmta sínfónían eftir Sibelius, Sköpunin eftir Haydn, eða niunda sínfónían eftir Mahler. Þögnin er dásamleg.

Jónas Sen


List – míla opnuð á ný

Sýningin List—míla, sem haldin er í tilefni 40 ára afmælis Listasafns Háskóla Íslands, hefur verið opnuð á ný í húsakynnum háskólans, samhliða opnun bygginga skólans. Markmið sýningarinnar er að gefa nemendum háskólans, starfsmönnum og ekki síst öllum almenningi færi á að kynnst safneigninni.

Sýningin var formlega opnuð 13. mars í fimm byggingum skólans: Aðalbyggingu, Gimli, Háskólatorgi, Odda, Veröld, og tengigöngum á

milli þessara bygginga. Örfáum dögum síðar var samkomubann sett á og byggingum skólans lokað og því fáir sem gátu notið listaverkanna á meðan. Nú hafa byggingar skólans hins vegar verið opnaðar aftur og sýningin því sömuleiðis.

Sýnd eru um 170 verk úr safneign, eftir 50 listamenn. Listaverkin eru frá ýmsum tímabilum íslenskrar myndlistar og endurspegla ólík viðfangsefni listamanna. Sýningarstjórar eru Kristján Steingrímur Jónsson, forstöðumaður Listasafns



Byggingar háskólans eru skreyttar listaverkum. MYND/KRISTINN INGVARSSON

Háskóla Íslands, og Æsa Sigurjónsdóttir, listfræðingur og dósent við Háskóla Íslands.

Að öllu samanlögðu hafa Listasafni Háskóla Íslands verið gefin hátt í 1.300 listaverk og eru listaverkagjafir til safnsins meðal verðmætustu gjafa sem Háskóla Íslands hafa hlotnast. Með innkaupum safnsins hefur verið aukið við listasafn Háskóla Íslands nú um 1.450 listaverk, skissur og gögn.

Sýningin stendur fram í október.

Ennþá meira úrval af listavörum

WorkPlus
Strigar frá kr. 195



Kolibri penslar
Handgerðir þýskir penslar
í hæsta gæðaflokki
á afar hagstæðu verði



kolibri®

Kolibri trönur
í miklu úrvali, gæða-
vara á góðu verði



AMSTERDAM
dream • create

van Gogh
The Quality Brand

REMBRANDT
The Professional Choice



Listverslun.is



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



Kristín Ragna Gunnarsdóttir.

Þjóðleikhúsið valdi
Gunnar og Kristínu

Pjóðleikhúsið auglýsti á dögunum eftir nýjum leikritum fyrir börn. Um 150 umsóknir bárust. Leikhúsið festi sér tvö verk, annars vegar leikrit eftir nýjan höfund, Gunnar Eiríksson, sem sýnt verður strax á næsta leikári, og hins vegar verk eftir Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur, sem verður þróað áfram innan leikhússins. Nokkur fleiri leikverk voru valin til nánari skoðunar og þróunar innan leikhússins.

Kafbátur er fyrsta leikrit Gunnars, en hann hefur starfað sem leikari í leikhúsi, kvikmyndum og sjónvarpi í Noregi á liðnum árum, auk þess sem hann hefur samið tónlist fyrir leikhús. Verkið gerist um borð í kafbáti, en þetta er ansi óvenjulegur kafbátur, fullur af skrítnum og skemmtilegum uppfinningum, sem siglir um höfin í ókominni framtíð, með litla stelpu og föður hennar innanborðs. Á ferð með þeim er einnig áll, sem sér þeim fyrir rafmagni, auk þess sem fleiri litríkar persónur koma óvænt við sögu.

Hugmynd Kristínar Rögnu Gunnarsdóttur, að fjölskyldusöngleik byggðum á sagnaheimi hennar um Úlf og Eddu, þótti einnig einstaklega hrifandi, og ákveðið var að hefja strax vinnu við að þróa verkeið fyrir Stóra sviðið. Kristín Ragna Gunnarsdóttir hefur vakið mikla athygli fyrir bækur, myndskreytingar og barnasýningar byggðar á norrænum gödsögnum og hlotið margs konar verðlaun.

Túlkun á stíl níunda áratugarins

Geirþrúður Finnbogadóttir Hjörvar sýnir verk sín í Harbinger. Vinnur með fagurfræði verslunargeirans. Í einu verkanna er elsta kvörtunarbréf viðskiptavinar.

**Kolbrún
Bergþórsdóttir**
kolbrunb@frettabladid.is



Geirprúður Finnbogadóttir Hjörvar sýnir verk sín á sýningunni Smásala, Retail, í Harbingar á Freyjugötu. Á sýningunni eru skúlpútar, veggverk og textaverk. Þar vinnur Geirprúður með fagurfræði verslunargeirans og skoðar gildi sem felast í framleiðslufyrirkomulagi nútímasamfélags í víðara samhengi.

„Ein af hugleiðingum mínum er verslunarmenning sem hluti af stærra samhengi, þar sem ég velti fyrir mér framleiðslu og efnahagslífinu. Smásala er einn angi þess,“ segir Geirbrúður.

Spurð hvort hún sé að gagnrýna neysluhyggju segir hún: „Ekki beinlínis, maður verður að fá hluti einhvers staðar frá. Mér finnst til dæmis ekki vera ástæða til að gagnrýna smásölu sem fer fram í litlum búðum, sem eru venjulega mjög fallegar. Framleiðsluferlið er hins vegar orðið að furdulegu fyrirbæri. Það breyttist mjög á níunda áratugnum, þá kom skeið fjármagnskapitalisma þar sem fjármagnsfyrirtæki fara að taka til sín stærri hluta af heildarframleiðslunni. Það breytir framleiðsluferlinu, farið að framleiða í öðrum löndum og efnisnotkun verður öðruvísi, plastnotkun eykst, til dæmis. Það er beinlínis vegna þess að það þarf að lækka kostnaðinn við framleiðslu. Maður fer að sjá minna af handgerðum hlutum sem gerðir eru af alúð.“

Skúlpturnarnir á sýningunni eru innblásnir afhlutum sem seldir eru í búðum og búðarútstillingum. „Ég teikna í þrívídd og læt smíði síðan smíða og saga og til verða verk með iðnaðarútlit,“ segir Geirþrúður.

Elsta kvörtunarbréfið

Eitt verk á sýningunni er gert úr plexigleri, áli og plastlagðri spóna-plötu. Í plexiglerinu er afar áhuga-verð mynd. „Þetta er mynd af töflu frá tímum Babýloníumanna. Þetta



Maður verður að fá hluti einhvers staðar frá, segir Geirprúður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Í þessu verki er
að finna elsta
kvörtunarbréf
sögunnar.**

**EIN AF HUGLEIÐING-
UM MÍNUM ER VERSL-
UNARMENNING SEM HLUTI AF
STÆRRA SAMHENG, ÞAR SEM
ÉG VELTI FYRIR MÉR FRAM-
LEIÐSLU OG EFNAHAGSLÍFINU.**

er elsta kvörtunarbréf viðskiptavinnar sem fundist hefur, frá árinu u.þ.b. 1750 fyrir Krist. Það er í alveg sama tóni og hjá óánægðum viðskiptavini í dag. Þessi viðskiptavinur er greinilega mjög reiður.“

Heillandi andrúmsloft

Verkin á sýningunni eru áberandi stílhrein. „Ég legg mikið upp úr því í þessu tilviki. Verkin á þessari sýningu eru mín túlkun á stíl niunda áratugarins, en þá var ríkjandi andrúmsloft sem ég heillaðist af þegar ég var að vinna að hugmyndunum sem liggja að baki verkunum,“ segir Geirprúður.

Sýningin stendur til 30. maí, opið er frá 14-17 fimmtudaga, föstudaga, laugardaga og sunnudaga.

TIVOLI

Það er fátt sem jafnast á við að ferðast um á bíl sem er tilbúinn að takast á við vetur konung. Bílabúð Benna gefur þér kost á að njóta vetrarins til fulls í fjórhjóladrifnum Tivoli sportjeppa. Hann fæst nú á ævintýrlega góðum kjörum.

+ Fjórhjóladrif með læsingu	+ Ríkulegur staðalbúnaður
+ Gott aðgengi	+ Góð yfirsýn yfir umhverfið
+ 1,5 tonna dráttargeta	+ Frábærir aksturseiginleikar

Verð frá: 3.990.000 kr. sjálfskiptur

ÓBreytt Verð

Bírt með fyrirvara um verð- og myndabreytingu.

Pylsupartí í Kvikk!

Pylsur og gos á
einstöku tilboðsverði

Pylsa + gos
649 kr.

Tvær pylsur + gos
799 kr.

Kvikk
ON THE GO

ORKAN



Fjörstudagur á RÚV



MR. BEAN

kl. 19.40

Sígildir breskir gamanþættir frá árunum 1990-1995 um ævintýri hins seinheppna herra Bean.



POPPKORN

kl. 20.10

Ný íslensk þáttaröð þar sem sýnd eru gömul íslensk tónlistarmyndbönd og sagan á bak við þau skoðuð.



VIKAN

Kl. 20.25

Málefni líðandi stundar, brakandi ferskt tónlistaratriði og ómissandi innslag Berglindar Festival. Gestir þáttarins eru Fanny Birna Jónsdóttir, Hallgrímur Helgason og Auður.



RÚV

okkar allra

22

MENNING · FRÉTTABLAÐIÐ

22. MAÍ 2020 FÖSTUDAGUR

DAGSKRÁ

Föstudagur

HRINGBRAUT

20.00 Tilveran (e) Tilveran er þáttur um sálgæslu og mannrækt í samfélagi nútímans.

20.30 Fasteignir og heimili (e) Upplýsandi og fróðlegur þáttur um allt sem viðkemur fasteignum og góðum húsráðum.

21.00 21 - Úrval á föstudegi Samantekt úr bestu og áhuga-verðustu viðtölunum úr Tuttugu-ogeinum í liðinni viku.

21.30 Saga og samfélag (e) Saga og samfélag er þáttur þar sem mál-efni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi

09.10 Enn ein stöðin

09.35 Í garðinum með Gurrý

10.05 Fagur fiskur – Sushiskólinn

10.35 Heilabrot: Árátta og þrá-hyggja

11.05 Poirot – Leyndardómur í Cornwall

11.55 Popp- og rokksaga Íslands. Það vantar ekkert nema bitil-bleyjur

12.50 Poppkorn 1986

13.20 Landinn 10. maí 2020

13.50 Treystið læknum

14.40 Heimaleikfimi

14.50 Gettu betur 2002, FG- MR

15.50 Á tali hjá Hemma Gunn 1991-1992

17.25 Úti

17.50 Tákn málsfréttir

18.00 KrakkaRÚV

18.01 Fótboltastrákurinn Jamie

18.29 Sögur – Stuttmyndir

18.40 Krakkafréttir vikunnar

19.00 Fréttir

19.25 Íþróttir

19.30 Veður

19.40 Herra Bean. Mr. Bean

20.10 Poppkorn – sagan á bak við myndbandið Trabant – The One

20.25 Vikan með Gísla Marteini

21.15 Matur og munúð II. Delicious II

22.00 The Rum Diary: Rommdag-bókin Gamanmynd byggð á skáld-sögu eftir Hunter S. Thompson með Johnny Depp í aðalhlutverki. Myndin segir frá drykkfellda blaðamanninum Paul Kemp sem flyst frá New York til Þúertó Ríkó á sjöunda áratugnum og hefur stórf hjá dagblaði. Hann kynnist auðugum og spilltum athafna-manni sem vill greiða honum fyrir að skrifa á jákvæðum nótum um vafasamt brask sitt. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

23.55 Fyrir rangri sök. Agatha Christie's Ordeal by Innocence

00.55 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

09.00 Nedbank Golf Challenge 2012 Útsending frá einstöku golf-móti þar sem 12 af bestu kylfing-um heims er boðið til leiks.

11.55 Nedbank Golf Challenge 2012

17.00 Golfskóli Birgis Leifs 1

17.20 Golfskóli Birgis Leifs 2

17.45 Golfskóli Birgis Leifs 3

18.05 Golfskóli Birgis Leifs 4

18.30 Golfskóli Birgis Leifs 5

18.50 Golfskóli Birgis Leifs 6

19.15 Golfskóli Birgis Leifs 7

19.35 Golfskóli Birgis Leifs 8

20.00 Golfskóli Birgis Leifs 9

20.20 Golfskóli Birgis Leifs 10

21.05 Golfskóli Birgis Leifs 11

21.30 Golfskóli Birgis Leifs 12

22.00 Nedbank Golf Challenge 2013

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó

FM 89,5 Retro

FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan

FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan

FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 K100

FM 102,9 Linding

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify

11.30 Dr. Phil

12.15 The Late Late Show

13.00 The Bachelor

14.25 The Biggest Loser

16.10 Malcolm in the Middle

16.30 Everybody Loves Raymond

16.55 The King of Queens

17.15 How I Met Your Mother

17.40 Dr. Phil

18.25 Happy Together

18.45 Black-ish

19.10 Love Island

20.10 She's Funny That Way

Kvæntur leikstjóri sem keypt hafði sér þjónustu vændiskonu lendir í miklum vandræðum þegar vændis-konu í leikriti sem hann er að leik-stýra og setja upp á Broadway.

21.40 The Lady Saga búrmísku baráttukonunnar Aung San Suu Kyi. Þetta er ástarsaga um það hvernig þar og fjölskylda, förna hamingju sinni fyrir æðri tilgang. Þetta er saga Aung San Suu Kyi og eiginmanns hennar, Michael Aris.

23.50 Shooter

01.55 Rocky III

03.35 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins

06.50 Morgunvaktin

07.00 Fréttir

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.30 Fréttayfirlit

09.00 Fréttir

09.05 Í ljósi sögunnar

09.45 Morgunleikfimi

10.00 Fréttir

10.03 Veðurfregnir

10.13 Óskastundin

11.00 Fréttir

11.03 Mannlegi þátturinn

12.00 Fréttir

12.02 Hádegisútvarp

12.20 Hádegisfréttir

12.40 Veðurfregnir

12.50 Dánarfregnir

12.55 Samfélagið

14.00 Fréttir

14.03 Heimskviður (37 af 80)

15.00 Fréttir

15.03 Sögur af landi

16.00 Siðdegisfréttir

16.05 Glans

17.00 Fréttir

17.03 Lestarklefinn

18.00 Spegillinn

18.30 Brot úr Morgunvaktinni

18.50 Veðurfregnir

18.53 Dánarfregnir

19.00 Flugur. Ljósín í bænum

19.45 Lofthelgin

20.35 Mannlegi þátturinn

21.30 Kvöldsgagan. Elin, ýmis-legt (2 af 13)

22.00 Fréttir

22.05 Veðurfregnir

22.10 Samfélagið

23.05 Lestarklefinn

00.00 Fréttir

00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

12.00 Paterno

13.45 Teen Titans Go! To the Movies

15.05 Hot Shots!

16.30 Paterno

18.10 Teen Titans Go! To the Movies

19.35 Hot Shots!

21.00 The Beach

22.55 Submergence

00.45 Den of Thieves

03.00 The Beach

STÖÐ 2

07.55 Heimsókn

08.15 Masterchef USA

09.00 Bold and the Beautiful

09.25 Gilmore Girls

10.05 Born Different

10.35 Tveir á teini

11.05 Jamie's Quick and Easy Food

11.30 Evrópski draumurinn

12.35 Nágrannar

12.55 The Kid Who Would Be King

14.50 Golfarinn

15.25 Öbyggðirnir kalla

15.55 I Feel Bad

16.15 Föstudagskvöld með Gumma Ben

17.35 Bold and the Beautiful

18.00 Nágrannar

18.26 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.50 Sportpakkin

18.55 Ísland í dag

19.10 Sápan

19.40 Impractical Jokers

20.05 The Kindergarten Teacher

21.40 Little Miss Sunshine

23.20 Mary Queen of Scots

01.20 Blindspotting

02.55 Blumhouse's Truth or Dare

04.30 The Kid Who Would Be King

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni

20.00 Friends

20.20 Friends

20.45 Modern Family

21.05 Batwoman

21.50 True Detective

22.55 American Horror Story 8. Apocalypse

23.35 The Simpsons

23.55 Bob's Burgers

00.20 Big Little Lies

01.10 Friends

01.30 Friends

01.55 Modern Family

STÖÐ 2 SPORT

07.05 Tindastóll - KR

08.55 KR - Njarðvík Útsending frá leik 1 í undanúrslitakeppni Dominos deildar karla árið 2016.

10.55 Njarðvík - KR

12.35 Njarðvík - KR

14.10 UCL Classic Matches Eftir-minnilegir leikir úr sögu Meistara-deildar Evrópu rífaðir upp. Roma - Barcelona (10.4.2018), Chelsea - Liverpool (14.4.2009), Real Madrid - Ajax (5.3.2019)

15.00 Sportið í dag

16.00 Frakkland Þáttur þar sem bestu erlendu leikmennirnir í sögu spænsku úrvalsdeidarinnar eru skoðaðir. Í þessum þætti er fjallað um leikmenn frá Frakklandi.

16.25 La Liga Clubs - Andalúsía

16.55 Valur - KR Útsending frá úr-slitaleik Borgunarbíkarsins 2015.

18.40 Evrópudeildin - fréttapáttur 19/20

19.05 Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur 2019/2020

19.30 La Liga Back To Win

20.00 Topp 5 Stöð 2 Sport fékk nokkra markaskorara úr Pepsi Max deild karla til að velja topp 5 mörk-in sín á ferlinum. Í þessum þáttum segja þeir okkur frá listanum sínum og segja skemmtilega frá hverju marki fyrir sig. Þrír leikmenn koma fyrir í hverjum þætti og völdu þeir sjálfir sinn topp 5 lista.

20.15 Leicester City - Tottenham 05/06

20.45 Martin. Saga úr Vesturbæ

21.25 Centers of the Universe. Shaq & Yao

21.50 NBA Roundtable. Stars of the 90's

22.15 Úrvalsdeildin í pílukasti

ILVA

Sparaðu

25%

AF ÖLLUM SUMARVÖRUM LÝKUR Á MÁNUDAG

Cunio & Lioni

CUNIO garðborð með 2 plönkum. Svart polywood, álfætur. 210x100 cm. 74.900 kr. Nú 56.175 kr. **LIONI** garðstóll. Staflanlegur. 16.900 kr. Nú 12.675 kr.



BIFROST sumarborð. Grá trefjasteypa, oliuborin eik. 200x90 cm. 149.900 kr. Nú 112.425 kr.
COPENHAGEN stóll. Hvít skel, viðarfætur. 19.900 kr. Nú 14.925 kr.

Cannes



CANNES garðstóll. 2 litir. 16.900 kr. Nú 12.675 kr.

Sanremo



SANREMO garðstóll. Grænn eða grár. 14.900 kr. Nú 11.175 kr.

**Maí
TILBOÐ**
WWW.ILVA.IS/TILBOD

25%




STAFFORD sófaborð. Ø80 cm.
19.900 kr. Nú 14.900 kr.

25%



LISSABON NY hornsófi. L363 x D257/137 cm.
299.900 kr. Nú 224.900 kr.

32%



BALANCE gólf lampi. Reyklitaður
kúpull. 21.995 kr. Nú 14.995 kr.

Frí heimsending

Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU FYRIR ÞÁ SEM VERSLA FYRIR 5.000 EÐA MEIRA

GILDIR Í VEFVERSLUN Í MAÍ
WWW.ILVA.IS

ILVA Korpustorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - sunnudaga 12-18

 netgíró
VALITOR



[FACEBOOK.COM/ILVAISLAND](https://www.facebook.com/ILVAISLAND)



[INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND](https://www.instagram.com/ILVAISLAND)



Sumarplanið hjá Swimslow er að mynda í sundlaugum víðsvegar um landið og er Erna því mjög spennnt fyrir komandi sundsumri. MYNDIR/MARSÝ HILD

Með sjálfbærni að leiðarljósi

Erna Bergmann hannar sundboli undir merkinu Swimslow. Hún hefur umhverfis-sjónarmið að leiðarljósi við framleiðsluna. Síðar í sumar stefnir Erna á að halda sýningu í einum af sundlaugum borgarinnar.

Erna Bergmann hefur lengi verið viðloðandi tiskubransann hérlandis en árið 2017 stofnaði hún sundfatamerkið Swimslow. Merkið hefur vakið athygli innanlands sem utan fyrir klassíska og fagaða hönnun og þá áherslu sem lögð er á sjálfbæra og umhverfisvæna framleiðslu. Það þótti sérstaklega viðeigandi að heyra í Ernu nú þegar sundþyrstir Íslendingar fá loks að dýfa tánum aftur í laugina.

„Já, ætli það sé ekki rétt að ég hef komið víða við,“ svarar Erna þegar hún er innt eftir yfirgripi yfir ferilinn innan tiskubransans hérlandis. „Ég lærði fatahönnun í LHÍ og fór síðan í meistaranám í hönnun við sama skóla. Ég hef verið listrænn stjórnandi hjá fatamerkinu Eyland og stíliserað og stjórnað myndatökum fyrir önnur fatamerki, tónlistarmyndbönd, auglýsingar og gert búninga í bíómynd. Ég stofnaði Timaritið Blæti árið 2016 með vin-konu minni Sögu Sig og höfum við gefið út þrjú tölublöð síðan,“ segir Erna.

Vonast eftir meiri gróska

Erna hefur verið ein af þekktustu stílístum landsins síðasta áratuginn.

„Ég byrjaði að aðstoða Öldu Guðjóns stílista hjá Snyrtilegum klæðnaði þegar ég var að vinna í second hand versluninni Spúútník fyrir allt of mörgum árum. Þannig byrjaði stílistaævintýrið og þróaðist mjög lífrænt næstu ár á eftir. Ég hef núna unnið sem stílisti í og með síðustu fimmtán árin. Það var aldrei eitt-




hvað sem ég ætlaði mér að gera. Það starf bara valdi mig ef svo má segja.“ Hún starfaði á lengi í tiskuvöruversluninni KronKron og tók þátt í að hanna þeirra fyrstu fatalínu eftir útskrift úr Listaháskólanum.

„Andinn innan hönnunar- og „tiskuheimsins“ á Íslandi var svolítið öðruvísi en hann er í dag. Það ríkti mikil jákvæðni og mikil upp-sveifla var í gangi. Það var mikil gróska í gangi fyrir tæpum áratug síðan, en því miður eru margir af þeim hönnuðum sem voru starfandi á þessum tíma hættir með fatamerki sín. Það er mín von að þessir fordæmalausar tímar sem við erum að upplifa núna, geti orðið jákvæð innspýting inn í íslenska fatahönnunargeirann því það er oft á svona tímum sem nýir hlutir fara að gerjast,“ segir hún.



Efni sundbolanna og framleiðsla þeirra fer fram í sama héraði á Ítalíu og sérstök áhersla er lögð á að lágmarka áhrif á umhverfið. Þráðurinn sem er í efni sundbolanna er unninn úr notuðum teppum og fiskinetum.



Sund er athöfn

Þegar Erna fór að velta fyrir sér eigin línu segist hún hafa átt að sig á því að hana langaði til að fókusera á einn hlut og gera hann mjög vel.

„Þannig gæti ég svo mögulega leyft merkinu að stækka og vaxa náttúrulega. Sundbolir urðu fyrir valinu því ég stunda mikið sund og átti erfitt með að finna mér sundföt sem mér líkaði. Markmið Swimslow er að stækka heiminn í kringum sundferðina sem athöfn og að undirstrika upplifunina eftir að komið er upp úr vatninu,“ segir Erna.

Erna segist leggja mikla áherslu á sjálfbærni Swimslow.


„Sundbolirnir eru hannaðir á Íslandi og framleiddir á Ítalíu úr endurunnum gæðaeftum. Efni sundbolanna og framleiðsla þeirra fer fram í sama héraði á Ítalíu með áherslu á lágmarks áhrif á umhverfið. Þráðurinn í efni sundbolanna er unninn úr notuðum teppum og fiskinetum sem er bjargað úr sjónum. Hugmyndafræði Swimslow sprettur út frá baðmenningu Íslendinga og trúir Swimslow ekki á eina sundfataárstíð. Sundföt eiga að notast allt árið um kring,“ segir hún.

Stefnir á erlendan markað

Hún segist huga vel að smáatriðunum við hönnunina.

„Ég vel alltaf gæði fram yfir magn. Sundbolirnir eru saumaðir og framleiddir hjá litlu frábæru fjölskyldufyrirtæki sem er nokkra kílómetra

Reislaun 2020
The Pool just is
Photos by Mami Hild
Stylists: Mami Hild & Pippa Stone
Location: Sundlaugin 1013-00
Date: March 2020



swimslow



frá efnaverksmiðjunni og gæðin ráða ríkjum. Sundbolirnir eru svo seldir í fjölnota pokum úr endurunnu efni sem nýtist síðar í baðferðirnar. Auk þess eru þvottaleiðbeiningar inni í bolunum þar sem neytendur eru hvattir til þess að hugsa vel um flikina til þess að ná hámarksendingartíma hennar.“

Þessa stundina er helsta markmið Swimslow að komast á erlendan markað að sögn Ernu.

„Fókusinn er að koma vörum



MARKMIÐ SWIMSLOW ER AÐ STÆKKA HEIMINN Í KRINGUM SUNDFERÐINA SEM ATHÖFN OG AÐ UNDIRSTRIKA UPPLIFUNINA EFTIR AÐ KOMIÐ ER UPP ÚR VATNINU.

merkisins í sölu út fyrir landsteinana. Við tókum til að mynda þátt í fyrstu sjálfbæru sölusýningunni á tiskuvíkunni í Kaupmannahöfn í janúar 2020. Einnig erum við að vinna bókverk um baðmenningu Íslendinga þar sem Swimslow er í aðalhlutverki, þróa nýja vörulínu í kringum baðferðir og leggja drög að sýningu í einni af sundlaugum borgarinnar síðar í sumar,“ segir hún.

Erna ætlar að njóta sumarsins með 10 mánaða stráknum sínum og hinum börnunum þremur ásamt því að vinna samhliða að uppbyggingu Swimslow.

„Timaritið Blæti fór í fæðingarorlof með mér. En það er aldrei að vita nema við Saga Sig tókum upp þráðinn og gefum út fjórða tölublaðið vorið 2021. Sumarplanið hjá Swimslow er að mynda í sundlaugum víðs vegar um landið og er ég því hrikalega spennnt fyrir komandi sundsumri.

Þetta verður sundsumarið mikla og því mikilvægt að geta klæðst fallegum sundfatnaði í leiðinni og enn þá mikilvægara að íslenskar konur geti klæðst íslenskri gæðahönnun í laugum landsins.“

Hægt er að skoða Swimslow nánar á swimslow.com.

steingerdur@frettabladid.is



TACO BELL™

BACON LOKSINS KOMIN AFTUR QUESADILLA



Mjúk tortilla, beikon, ostur, creamy
jalapeñosósa og kjúklingur

Bacon Quesa-
dilla stök

1.199 KR.

Bacon Quesadilla, nachos með
ostasósu, gos og Góu kúlur

1.799 KR.



Viktor á staðnum og Þórður, með rafræna nærveru, en sýninguna setja þeir upp ásamt Ólöfu Rut Stefánsdóttur. „Hún er okkur til halds og trausts,“ segir Þórður og Viktor tekur undir. „Hún er frábær,“ FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Hjólar í sóttkví um eigin sýningu á iPad

Viktor Weisschappel og **Þórður Baldursson** báðu um sýnishorn af myndlist fordæmalausra tíma og úr varð sýningin Sóttqueen sem opnuð verður í Ásmundarsal á meðan Þórður er í sóttkví.

Ég er sjálfur í sóttkví og verð í sóttkví á opnuninni,“ segir Þórður Hans Baldursson, sem kom nýlega heim frá Hollandi og er rétt rúmlega hálfnaður með tveggja vikna sóttkví.

Þórður er þannig í nokkuð kaldhæðnislegri pattstöðu þar sem hann getur ekki haft þráðbeina aðkomu að uppsetningu sýningarinnar Sóttqueen sem hann og Viktor Weisschappel Vilhjálmsson, félagi hans hjá Postprent, opna í Ásmundarsal á laugardaginn.

„Þetta er svolítið fyndið. Sérstaklega þegar kemur að skipulagningunni, uppsetningunni og öllu því dæmi,“ segir Þórður og Viktor bendir á að þótt hann sé maðurinn á staðnum sé hann ekki einráður.

Í iPad á hjólum

„Vikan var bara tekin með trompi í upphengingum með Þórði í iPadinum,“ segir hann um andlega nærveru félaga síns.

„Ég get verið að skipa hinum í teyminu rosalega mikið fyrir og haft rosa miklar skoðanir á því hvernig allt á að vera án þess að þurfa að gera neitt sjálfur,“ segir Þórður og bætir við að hann fái þó ekki að sjá árangur erfiðisins fyrr en bara rétt áður en sýningin verður tekin niður.

Þórður verður þó ekki viðs fjarri góðu gamni þegar sýningin verður opnuð klukkan 17 á laugardaginn þar sem hann mun mæta í krafti tækninnar. „Við erum búin að redda svona róbóta sem Þórður verður í,“ segir Viktor.

„Ég verð þarna á hjólum í iPad. Þannig að ég fæ nú að vera eitthvað með,“ útskýrir Þórður úr iPadinum og Viktor tekur undir. „Þannig að

ÞETTA ERU KANNSKI HLUTIR SEM ER GAMAN AÐ SKOÐA NÚNA, EKKI GAMAN AÐ SKOÐA EFTIR NOKKRA MÁNUÐI OG VERÐUR SÍÐAN ÓGEÐSLEGA GAMAN AÐ SKOÐA EFTIR TÍU ÁR.

Þórður

ÍSLENDINGAR ERU NÁTTÚRLEGA SVOLÍTID KALDHÆÐNIR OG ÞAÐ ER OFT AUÐVELDARA AÐ TÆKLA HLUTINA ÞANNIG.

Viktor

hann mun keyra svona um á sýningunni og fær að vera með þótt hann sé heima hjá sér.“

Sneiðmynd af plágulist

Strákarnir hugsa sýninguna sem einhvers konar uppskeruhátíð þeirrar listar sem orðið hefur til í COVID-ástandinu og er afrakstur þess sem þeir söfnuðu saman rafrænt og hafa sýnt jafnóðum á Instagram undanfarna tvo mánuði.

„Hugmyndin spratt í raun upp þegar ástandið skall á,“ segir Viktor og bætir við að segja megi að Sóttqueen sé í raun viðbragð við stórfloði leiðinlegra og erfiðra fréttu. „Þá langaði okkur að gera eitthvað gott úr þessum skrítnu tímum og sendum sem sagt út svokallað opið kall og óskuðum eftir verkum frá listamönnum sem tengdust ástandinu á einhvern hátt,“ útskýrir Viktor og gefur félaga sínum orðið.

„Við vildum endilega fá að sjá

hvað listamenn eru að fást við á þessum fordæmalausum tímum samkomubanns og sóttkvíar og fengum alveg góða sneiðmynd af því hvað fólk er að spá og gera,“ segir Þórður og bætir við að viðbrögðin hafi komið þeim félögum á óvart en um 200 listamenn hafi brugðist við kallinu.

Gaman eftir tíu ár

„Við fengum þvilíkt magn og héldum uppi netsýningu á Postprent Instagraminu okkar. Við erum með þessa prentsölu síðu og ákváðum bara að nota þann miðil til að dreifa þessu,“ skýtur Viktor inn í og Þórður bætir við að sýningin á samfélagsmiðlinum hafi vakið áhuga í Ásmundarsal þar sem hún mun nú raungerast.

„Þau í Ásmundarsal langaði að taka þetta saman og sýna þegar færi gæfist. Þetta eru kannski hlutir sem er gaman að skoða núna, ekki gaman að skoða eftir nokkra mánuði og verður síðan ógeðslega gaman að skoða eftir tíu ár.“

Þeir félagar segja að þótt verkin séu nánast jafn ólík og þau eru mörg megi þegar vel er að gæð ef til vill greina ákveðna samfellu, rauðan þráð. „Verkin sýna ákveðna þróun, einhvers konar sorgarferli kannski,“ segir Þórður og nefnir einhvers konar grín eða hómor sem algengt varnarviðbragð.

„Ég held að þetta sé alveg rétt,“ tekur Viktor undir. „Íslendingar eru náttúrulega svolítið kaldhæðnir og það er oft auðveldara að tækla hlutina þannig. Það var gaman að fylgjast með þessu og maður sér einhvern sameiginlegan takt þegar maður fylgist með ástandinu í gegnum listina.“

toti@frettabladid.is

ALLT AÐ
700.000 kr.
AFSLÁTTUR!

DÚ FINNUR BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS

HEILSAÐU SUMRI Á NOTUÐUM BÍL

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarinn okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.



AFSLÁTTUR
600.000 KR.

Rnr. 146480

RENAULT Clio Sport Tourer

Nýskr. 12/15, ekinn 64 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð: 1.590.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
990.000 kr.

12.329 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
500.000 KR.

Rnr. 430779

NISSAN Qashqai Acenta 4wd

Nýskr. 02/17, ekinn 107 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð: 2.790.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
2.290.000 kr.

31.560 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
600.000 KR.

Rnr. 146753

BMW X1 Xdrive 18d

Nýskr. 04/18, ekinn 95 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 4.490.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
3.890.000 kr.

47.362 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
300.000 KR.

Rnr. 110453

SUZUKI Baleno GL

Nýskr. 04/17, ekinn 69 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð: 1.490.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.190.000 kr.

14.745 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
300.000 KR.

Rnr. 146510

RENAULT Captur Zen

Nýskr. 05/17, ekinn 65 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð: 1.990.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.690.000 kr.

20.785 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
500.000 KR.

Rnr. 285535

SUBARU Outback LUX Eyesigh

Nýskr. 09/15, ekinn 64 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 3.990.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
3.490.000 kr.

42.530 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
400.000 KR.

Rnr. 146380

RENAULT Clio Life

Nýskr. 04/17, ekinn 90 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð: 1.190.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
790.000 kr.

9.912 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
400.000 KR.

Rnr. 146625

FORD Mondeo Titanium

Nýskr. 03/15, ekinn 87 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð: 2.290.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.890.000 kr.

23.201 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
700.000 KR.

Rnr. 110340

RENAULT Kadjar Zen 4wd

Nýskr. 04/17, ekinn 115 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð: 2.490.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.790.000 kr.

21.993 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
400.000 KR.

Rnr. 146613

VW Polo Trendline

Nýskr. 03/18, ekinn 83 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð: 1.790.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.390.000 kr.

17.161 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
700.000 KR.

Rnr. 146495

LAND ROVER Discovery Sport S

Nýskr. 06/18, ekinn 80 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 5.390.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
4.890.000 kr.

59.443 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
500.000 KR.

Rnr. 146406

RENAULT Megane IV Bose

Nýskr. 06/17, ekinn 28 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 3.190.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
2.690.000 kr.

32.866 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
700.000 KR.

Rnr. 146338

SUBARU Forester Premium

Nýskr. 06/18, ekinn 54 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 4.490.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
3.790.000 kr.

46.154 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
500.000 KR.

Rnr. 392265

NISSAN Qashqai Acenta 4wd

Nýskr. 06/18, ekinn 71 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð: 3.490.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
2.990.000 kr.

36.490 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
700.000 KR.

Rnr. 146223

HYUNDAI Santa Fe III Style

Nýskr. 05/17, ekinn 94 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 4.990.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
4.290.000 kr.

52.195 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*

Lykill



Allt að 80% lán



Ástandsskoðun



Fjármögnun á staðnum

Opnunartímar:

Mánudaga 10-18, þriðjud.-fimmtud. 9-18
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

*Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á lykll.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér
lánaskilmálana á heimasilðinni lykll.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílanna frá lykll.is er
breyttilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

Bíland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

bíland



BAKÞANKAR

Árna
Helgasonar



Útlagar umræðunnar

Eitt af því sem mér fannst eftirtektað hjá þríeykinu, sem stjórnaði landinu okkar í mars og apríl, voru viðbrögð þeirra við gagnrýni. Þau hvöttu til hennar og sögðu að hún hjálpaði þeim. Þetta er sjaldgæft viðhorf í dag. Við höfum sífellt minni þolinmæði fyrir gagnrýni eða öðrum skoðunum. Útlagar umræðunnar, þetta þrjóska fólk með eigin rannsóknir í alls konar málum, á erfitt uppdráttar. Sérstaklega á þetta við ef unnin hefur verið skýrsla fræðimanna um málið. Skýrslur eru nútímaútgáfan af sannleikanum.

Ekki misskilja mig, ég er almennt ekki sammála útlögum umræðunnar. Þegar þríeykið varð fyrir gagnrýni þá fannst mér nánast eins og það væri verið að ráðast á foreldra mína, svo mikið var ég ósammála. Og jafnfreistandi og það er að grípa til aðgerða, láta opinbera aðila berjast gegn upplýsingaóreiðu, þá er staðreyndin sú að umræðan sjálf leysir þetta best. Fyrir hvern Frosta Sigurjónsson og hans snöggsöðnu sóttvarnaþekkingu var töluvert stærri hópur sem tók til varna, fór ofan í hans málflutning og hrakti.

Tilburðir til að útiloka „rangar“ skoðanir bita yfirleitt í skottið á sér og ýta jafnvel undir skoðanirnar sem verið að berjast gegn. Talsmenn þeirra breytast allt í einu úr því að vera virkir í athugasemdum yfir í að verða virtir andófsmenn sem ráðandi öfl reyna að þagga niður í. Sem gerir þá aftur áhuga-verðari.

Jafnvel besta ríkisstjórn í heimi þarf öflugra stjórnarandstöðu sem heldur henni við efnið. Sama á við um skoðanir. Hinar ríkjandi skoðanir hverju sinni þurfa sína stjórnarandstöðu. Almenníngur hefur aldrei verið í betri stöðu til að afla sér upplýsinga og á endanum er það í okkar höndum að mynda okkar skoðanir.

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

COLLAB
ÁSTARALDIN &
LÍMÖNU 330 ML
249
KR/STK
756 KR/L



Kvikk
ON THE GO



SERTA ER OPINBER SAMSTARFSADILI
HILTON WORLDWIDE HÓTELKEDJUNNAR

VIVANT SPLENDID ROYAL STILLANLEGT RÚM

CLASSICO



YORK



LIGNE



MAGNIFIQUE



FIMM STJÖRNU LÚXUS HÓTEL RÚM – HEIM TIL ÞÍN –

Fimm stjörnu Hótel – rúmalínan frá Serta er kominn aftur og fæst á tilboðsverði í Betra Baki auk þess að nótt á Reykjavík Nordica ásamt morgunverði fyrir tvo og aðgangi að Hilton Reykjavík Spa fylgir kaupum á Serta fimm stjörnu hótélrúmi.

5 STJÖRNU HÓTEL RÚMIN frá Serta eru framleidd til að fullnægja yfstrustu kröfum. Fjórðandi botn gefur 5 svæða heilsudýnni óviðjafnanlega fjöðrun og stuðning, lúxus yfirdýnan lagast að þér og þér liður eins og þú svífir. Velkomin í þitt 5 stjörnu heilsurúm, heima hjá þér – allar nætur – alltaf.

CLASSICO, YORK OG LIGNE eru með Serta Splendid Royal heilsudýnu frá Serta. Hún er fimm svæðaskipt pokagormadýna með góðum stuðningi við bak en mýkra gormakerfi á axla- og mjaðma-svæði. Hægt er að velja um tvo stífleika á dýnunni eftir því hvað hentar hverjum og einum. Yfirdýnan er millistíf, úr kaldpressuðum svampi og vinnur vel á móti fjöðruninni í botni og dýnu.

MAGNIFIQUE rúmið er með Serta Royalty Superior heilsudýnu sem sker sig frá Splendid Royal m.a. með því að vera með tvískiptu gormakerfi og aukinni kantstyrkingu.

Áklæðið á rúmunum er slitsterkt bómullaráklæði, ofnæmisfrítt og andar einstaklega vel. Það er fánlegt í nokkrum litum sem eru mismunandi eftir rúmgerðum. Hægt er að velja mismunandi fætur og einnig eru fánleg náttborð í stíl.

Verð frá: Classico 160 x 200 cm (botn, fætur, dýna, yfirdýna og gafl)

Tilboðsverð: 296.650 kr

Fullt verð: 349.000 kr. (með Hilton Reykjavík Nordica kaupauka 385.000 kr.)

Nótt fyrir tvo á Hilton Reykjavík Nordica, ásamt morgunverði og aðgangi að Hilton Reykjavík Spa, fylgir kaupum á Serta fimm stjörnu hótélrúmi.

Verðmæti: 36.000 kr.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 11–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is